

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Vísað er til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Atriði sem þarf að meta umfram það kemur fram í matsáætlun


Áhrif sjónmengunar á ferðamannastaði, Nú rekum við ferðapjónustu þar sem okkar aðal útsýni er yfir dalinn þar sem þessi lína myndi liggja þvert yfir, við höfum byggt upp okkar svæði útfrá útsýni sem er helsta ósk okkar viðskiptavinar, við erum að vinna að frekari uppbyggingu og þyrftum að endurskoða þær áætlanir ef að þessari línu yrði. Ferðamaðurinn kemur til að skoða og dást að óspilltri náttúruvegurð Íslands.

Einnig væri þessi lína mjög yfirgnæfandi þegar gengið er á Grábrók þar sem fjöldinn allur af ferðamönnum ganga til að dást að fallegu útsýni. Túrisminn er ein mikilvægasta tekjulind Íslands og þar sem Grábrók er einn af helstu áfangastöðum ferðamannsins á svæðinu, væri synd og skömm að skemma þá dásemd sem útsýnið þar er.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Áskilinn er allur bótaréttur á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá er áskilinn réttur til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



FH. Hraunsnef Sveitahótel ehf.

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Höll, 18. október 2023

Efni:

Holtavörðuheildarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Ferðapjónusta í Norðurárdal, Þverárhlið og Stafholtstungum.

Rannsaka þarf áhrif mögulegrar háspennulínu um Hallarmúla á þá miklu ferðapjónustu sem byggst hefur upp og mun væntanlega byggjast upp ef engin háspennulína mun koma.

Hérna er t.d. listi yfir hótél, gististaði og afþreyingu.

- Hótel Bifröst¹.
- Hraunsnef Sveitahótel².
- Hótel Varmaland³.
- Hótel Stafholtsveggir (í smíðum)⁴.
- Háskólinn Bifröst⁵.
- Guesthouse Hvítá⁶.
- Veiðifélag Norðurár⁷.
- Veiðifélag Þverár⁸.
- Veiðihús Brenna (Í landi Hamrenda)⁹.
- Tjaldsvæðið Varmaland (Landamerki ehf)¹⁰.
- Laxfoss (útleiga)¹¹.
- Gólfklúbburinn Glanni¹².
- Útleiga húsa á Bifröst s.s. Kennarasambandið¹³.
- Útleiga húsa í landi Hreðavatns s.s. BHM¹⁴ og fleiri aðilar inn t.d. Airbnb.

¹ <https://hotelbifrost.com/>

² <https://hraunsnef.is/>

³ <https://hotelvarmland.is/>

⁴ <https://www.facebook.com/profile.php?id=100070553312171>

⁵ <https://www.bifrost.is/>

⁶ <https://guesthousehvita.is/is/>

⁷ <https://www.nordura.is/is/veidihus/>

⁸ <https://www.starir.is/>

⁹ <https://veidiheimar.is/veidisvaedi/hvita-brennan/>

¹⁰ <https://tjalda.is/varmland/>

¹¹ Fossbúinn ehf

¹² <https://glannigolf.is/>

¹³ <https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2022/heitir-pottar-og-solpallar-i-orlofshusum-a-bifrost/>

¹⁴ https://orlof.is/bhm/site/cottage/cottage_list.php

- Útleiga húsa hjá BSRB Munarðarnesi¹⁵ (mörg aðildarfélög BSRB eru með hús á þessu svæði).
- Útleiga húsa í Munaðarneslandi, sjá t.d. inn á Airbnb.
- Útleiga húsa á Svartagili, sjá t.d. inn á Airbnb.
- Útleiga hús Veiðilæk¹⁶.
- Útleiga húsa í Arnarholti, sjá t.d. inn á Airbnb.
- Útleiga húsa að Lundum¹⁷.
- Útleiga hús Efra-Nes¹⁸.
- Útleiga hús Skógarnes¹⁹.
- Útleiga hús Stafholtsey²⁰.
- Veitingarstaðurinn Esjuskálinn (Baulan)²¹.
- Framtíðarútleiga sumarhúsa í landi Arnbjargarlæk.
- Framtíðarútleiga sumarhúsa í landi Hallar.
- Framtíðarútleiga sumarhúsa í landi Hjarðarholt.
- Framtíðarútleiga sumarhúsa í landi Stafholtsveggja.
- Framtíðarútleiga sumarhúsa í landi Hofstaða.

Hérna er listi yfir afþreyingu sem erfitt er að útlista nákvæmlega á einhvern aðila.

- Grábrók (vinsæll áningarstaður ferðamanna).
- Fossinn Glanni og Paradísarlaut (vinsæll áningarstaður ferðamanna).
- Hestaferðir á vegum mismunandi aðila um svæðið sem háspennulínan er áætluð um.
- Gönguhópa.
- Hjólreiðarhópa (einkum leiðina í kringum og út frá Hallarmúlanum).

Virðingarfyllst,

Arnar Grétarsson, Höll.

¹⁵ <https://www.bsrb.is/is/bsrb/birkihlid-orlofshus>

¹⁶ <https://edgeretreats.com/iceland/fish-creek/>

¹⁷ <https://www.lundar.is/>

¹⁸ https://www.vrbo.com/4830883ha?chkin=2024-07-20&chkout=2024-07-27&d1=2024-07-20&d2=2024-07-27&startDate=2024-07-20&endDate=2024-07-27&x_pwa=1&rfrr=HSR&pwa_ts=1697655505714&referrerUrl=aHR0cHM6Ly93d3cudnJiby5jb20vSG90ZWwtU2VhcmNo&useRewards=true&adults=2&children=®ionId=6047826&destination=Borgarnes%2C+Western+Region%2C+Iceland&destType=BOUNDING_BOX&latLong=64.71019%2C-21.53608&privacyTrackingState=CAN_NOT_TRACK&searchId=2abc17b5-dc59-433d-bdec-97256420e65e&sort=RECOMMENDED&top_dp=711&top_cur=USD&mdpcid=VRBO-US.META.hometogo.PHG.VR&mdpdtl=com%3Ahtg%3Acoresearch%3An%3Ac999&userIntent=&selectedRoomType=40128709&selectedRatePlan=000057971074765b4edc8853d245bd6d3f64&damageLiability=COF&expediaPropertyId=40128709

¹⁹

https://bungalow.com/cottage/skogarnes/drw?utm_source=hometogo&utm_medium=referral&utm_term=0Z32PG29ZPRBZRvQ&utm_campaign=us

²⁰

https://www.airbnb.is/rooms/48974870?adults=1&children=0&enable_m3_private_room=true&infants=0&pets=0&check_in=2023-10-19&check_out=2023-10-24&source_impression_id=p3_1697656132_n4khXo7Bna2tnTja&previous_page_section_name=1000&federated_search_id=2a68342a-066e-4688-a09c-5ea13fe0eab7

²¹ <https://www.ferdalag.is/is/thjonusta/baulan>

**Skipulagsstofnun**

B.t. Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Efni: Matsáætlun – Holtavörðuheidarlína 1. Landsnet hf. Nýr valkostur

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, með tölvupósti dags. 18. september 2022, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um matsáætlun vegna áforma Landsnets hf. um nýjan valkost á endurnýjun byggðarlínu, um Haltavörðuheidi 1, Hallarmúlaleið í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Í erindinu er óskað eftir því að Vegagerðin fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Vegagerðin geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Vegagerðin starfar á grundvelli laga nr. 120/2012 sem framkvæmdastofnun samgöngumála. Lögbundið hlutverk Vegagerðarinnar er að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Vegagerðin annast samkvæmt því þau verkefni sem nánar greinir í lögnum og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um starfsemi hennar gilda. Afmarkast því stjórnsýslulega aðkomu Vegagerðarinnar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Vegagerðarinnar.

Megin tilgangur áætlunarinnar er að kynna fyrir hagaðilum áform um uppbyggingu flutningskerfisins. Hluti kerfisáætlunar er framkvæmdaáætlun til þriggja ára þar sem hafinn er undirbúningur að einstökum framkvæmdum. Í kerfisáætlun 2020-2029 hefur Landsnet sett fram framkvæmdaáætlun fyrir einstakar framkvæmdir. Í þeirri áætlun er lagður grunnur að undirbúningi fyrir Holtavörðuheidarlínu 1 Hallarmúlaleið, nýr valkosts.

Síða 1/2

Vegagerðin
Súðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegagerðin hefur kynnt sér matsáætlun og telur, með hlöðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum.

Vegagerðin óskar eftir að framkvæmdaraðili verði í samráði við Vegagerðina varðandi þá þætti sem þurfa að koma fram er varðar nálægð fyrirhugaðar línu við Hringveg sem liggur yfir Holtavörðuheidi og aðra vegi sem eru umsjón Vegagerðarinnar.

Einnig að lögð verði áhersla á að staurar innan veghelgunarsvæðis eða öryggissvæðis verði með þeim hætti að umferð stafi ekki hætta af.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Síða 2/2

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Vegagerðin

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Skarðshamrar, Norðurárdal. Október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi, fyrir hönd Kapals hf., vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosts“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Skarðshamra í Norðurárdal í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagninu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvor tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Leið hinnar nýju línu liggur yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið er nýframkvæmd á því svæði sem hún fer um, enda færi línan að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð ef sá valkostur yrði fyrir valinu. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð. Fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stað og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu. Þá gilda hverfisverndanir um mikinn hluta Hallarmúlaleiðar vegna birkiskóga og vatnasvæði sem eru hluti af aðalskipulagi Borgarbyggðar og á það nær eingöngu við um þann hluta af landi Skarðshamra sem áætlað er að leggja línuna.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins alla virka daga. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitum Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirliggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggt við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 var að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirliggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuleið yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglendi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisveitingum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. Júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtenginu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi úr Hrutafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leiti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið

framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

Jarðmyndanir

Hallarmúlaleið mun liggja um ósnortið fjalllendi jarðarinnar Skarðshamra, ef til hennar kæmi. Hvorki vegur, lína né önnur mannvirki eru á svæðinu fyrir. Um svæðið innan landareignar Skarðshamra gildir hverfisverndum vegna vatnsverndunar í Aðalskipulagi Borgarbyggðar, en það sama gildir um landareignir nágrennajarða.

Að auki er Hallarmúlaleið talin vera hluti af Ljósufallakerfinu og er línan því líklega innan virka gosbeltis Snæfellsness (sjá umsögn Marenar Davíðsdóttur jarðfræðings um Matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1: Nýr valkostur til umhverfismats auglýst 18.09.2023).

Gróður

Grjótháls er það sem mætti kalla ósnert víðerni. Mikið votlendi er á svæðinu sem er illfært öðruvísi en fótgangi eða á hestum og því óraskað. Metnaður hefur verið fyrir því hjá landeiganda að halda votlendinu í upprunalegu ástandi og gæta þess að þar fá líffræðilegur fjölbreytileiki að njóta sín og fuglalíf að dafna. Votlendið allt spilar sömuleiðis lykilhutverk í vatnsbúskap jarðarinnar. Vegagerð á þessu svæði myndi rjúfa þann flókna en mikilvæga vatnsbúskap sem er á Grjóthálsi. Þá er efnistaka til uppbyggingar vega ekki nærtæk og mun ekki bjóðast innan lands Skarðshamra.

Meðal þeirra vistgerða sem finnast á Grjóthálsi eru starungsmýravist, runnamýravist á láglandi og tjarnarstararfloávist. Allar hafa þær mjög hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningsins frá 2014 yfir visterðir sem þarfnast verndar. Í þeim öllum er ríkulegt fuglalíf. Mikilvægt er að rannsaka heildræn áhrif framkvæmdar á stærð við Hallarmúlaleið á slík vistkerfi.

Margir lækir á eldri berggrunni með votlendisáhrifum renna niður af Grjóthálsi út í Norðurá. Mikilvægt er að rannsaka möguleika á mengun vegna framkvæmdarinnar í þessa læki sem gætu haft áhrif á Norðurá og nærumhverfi.

Fuglalíf og fiskveiði

Á Grjóthálsi er að finna veiðivatn þar sem landeigandi, ásamt nágrönnum sínum, hefur byggt upp silungsstofn með tilkostnaði. Vatnið er tegundaríkt kranspörungsvatn að vistgerð og við vatnið er afar mikið fuglalíf sem hefur verið afar stöðugt í gegnum árin. Þar eru varpstöðvar himbrima, álfta og gæsa. Þá er hrafn, haförn og smyrill reglulega sjánleg á Grjóthálsi ásamt mörgum fleirum. Að hluta til eru þetta sjaldséðir fuglar og sumar þessara tegunda njóta friðunar. Í votlendi Grjóthálss er mikið um mófugl og hefur hann þar varpstöðvar. Mikilvægt að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf tegunda af þessu tagi.

Vatnsból

Skarðshamrar hafa sitt eigið vatnsból í jaðri Grjóthálss. Er það bæði ætlað dýrum og mönnum. Ekki er vitað hvaðan vatn safnast í vatnsbólið eða hvaðan mengun gæti borist í það. Þó er vitað á sá vatnsmassi sem fyrir er í votlendi hálsins gerir það að verkum að vatnsbólið hefur aldrei þrotið í manna minnum, og má því ætla að rennsli í vatnsbólið sé af afar stóru svæði. Mikilvægt er að rannsaka áhrif á vatnsból á svæðinu vegna framkvæmdarinnar og hættu á mengun vegna hennar.

Verðmæti lands og ásjón

Skarðshamrar er að öllu leyti afar falleg jörð og er nýtt fyrst og fremst sem heimili og frístundasvæði. Mikið er um fallegar gönguleiðir og reiðleiðir á svæðinu. Grjótháls er mikið nýttur til frístunda og er afar verðmætt svæði sem slíkt, hvort sem er til útreiða, göngu eða veiði. Jörðin er að mörgu leyti ágæt til landbúnaðar en býr einnig yfir einstökum tækifærum hvað varðar ferðaþjónustu og frístundir og í því felast helstu fjárfestingatækifærin á jörðinni. Lagning byggðarlínu þvert yfir ósnortið víðernið þar sem hún mun gnæfa yfir veiðivatni jarðarinnar mun óumdeilanlega hafa áhrif á upplifun af svæðinu og rýra gildi þess sem frístundasvæði og nýtingarmöguleika þess til atvinnurekstrar í þágu ferðaþjónustu.

Skarðshamrar er veiðiréttarhafi í Norðurá og í því felst mikil verðmæti fyrir jörðina. Raflína um Hallarmúla mun vera sýnileg og áberandi í því landslagi sem ber við á flestum veiðistöðum við Norðurá. Þá mun hún vera afar sýnileg frá veiðihúsi Norðurár, en þar hafa veiðiréttarhafar lagt í mikla fjárfestingu. Raflínulögn sem þessi mun því hafa veruleg áhrif á upplifun veiðimanna og þannig hafa áhrif á þau verðmæti sem veiðirétturinn er fyrir Skarðshamra.

Skógrækt

Víða í Norðurárdal og í Þverárhlið hefur verið stunduð skógrækt í áraraðir með góðum árangri enda landið gott til þess brúks. Lagning byggðarlínu um svæðið mun skerða möguleika jarðarinnar til að hefja skógrækt, enda fer það ekki saman við nýtingu þess lands sem fellur undir helgunarsvæði línunnar. Í þessu felst mikil skerðing á jarðnýtingar tækifærum.

Aðgengi

Eins og áður hefur verið nefnt eru engin mannvirki til staðar í landi Skarðshamra sem tilheyra Grjóthálsi og svæðið aðeins greiðfært gangandi eða á hestum. Aukin umferð, líkt og búast má við í kjölfar lagningu línuveggar um svæðið, mun óneitanlega hafa áhrif á upplifunina af svæðinu, sem einkennist fyrst og fremst af kyrrð, lítilli sem engri sjón- eða hljómengun og ósnertri náttúru. Í því fælist gríðarlegt tjón ef aðgengi á bílum væri auðveldara með tilheyrandi mengunarhættu og áhrifum á upplifun.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Kapals hf

Margrét Björg Sigurðardóttir



Skipulagsstofnun ríkisins
skipulagsgátt

Efni: Umsögn heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um Holatvörðuheildarlínu 1 Hallarmúlaleið, nýr valkostur.

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á grundvelli laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrif og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum um vegna Holtavöruheiðarlína 1, Hallarmúlaleið, nýr valkostur.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra telur mikilvægt að gæta sérstakrar varkárni þegar farið er inn á vatnsverndarsvæði. Tæki þurfa að vera lekaskoðuð og heil og engan olíuleka má finna. Ef slíkt gerist þarf að bregðast við samkvæmt reglugerð nr 7996/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Einnig þurfa yfirborðsefni mastra að vera þannig að veðrun þeirra valdi mengun jarðvegs eða vatns.

Virðingarfyllst

Sigríður Hjaltadóttir
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Hjarðarholti, Stafholtstungum

18. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hf. hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Hjarðarholt í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvor tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Leið hinnar nýju línu liggur yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið er nýframkvæmd á því svæði sem hún fer um, enda færri línar að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð ef sá valkostur yrði fyrir valinu. Línuna, ef af yrði, mætti

sjá víðsvegar að um Borgarfjörð. Fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stað og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúru-minjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins alla virka daga. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitum Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 var að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuleið yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisveitingum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. Júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtenginu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi úr Hrutafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheiðarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheiðarlína 1, fela í sér kosti og galla. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leiti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheiðarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheiðarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið

framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggji ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

1. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Hjarðarholts þar sem línán liggur hátt eftir endilöngum hálsinum milli Stafholtsveggja, Hjarðarholts og Hallar.
2. **Fiskveiði og afþreying:** Hjarðarholt á veiðirétt í Þverá. Línustæði Hallarmúlaleiðar liggur mitt á milli Norðurár og Þverár, tveggja af helstu laxveiðiám landsins. Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línunnar, þar sem engin lína er fyrir, hafi áhrif á vilja fólks til að greiða fyrir stangveiði á svæðinu.
3. **Landnýting og ferðaþjónusta:** Mikil uppbygging er í ferðaþjónustu á svæðinu, m.a. á Varmalandi og á Stafholtsveggjum. Á hálsinum milli þessara staða, Hjarðarholts og Hallar þar sem línustæðið er fyrirhugað eru miklir möguleikar til áframhaldandi uppbyggingar s.s. á þróun sumarhúsabyggðar, fasteigna til varanlegrar búsetu og afþreyingarmöguleika. Ásýnd svæðisins gerbreytist og mikið og verðmætt land fer undir línuna og helgunarsvæði hennar.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



Þorvaldur T. Jónsson, Hjarðarholti



Skipulagsstofnun
B.t. Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2023

Efni: Holtavörðuheiðarlína 1. Hallarmúlaleið, nýr valkostur til umhverfismats.

Mál nr 619/2023

Veitur hafa kynnt sér matsáætlun Landsnets vegna nýs valkost, Holtavörðuheiðarlínu 1, sem fengið hefur heitið Hallarmúlaleið. Greinargerðin er viðbót við framlagða matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1, sem Hafrannsóknastofnun gaf umsögn um 10. júní 2022 og er vísað til hennar sem hluta af umsögn stofnunarinnar varðandi framangreinda framkvæmd.

Veitur benda á að með nýjum valkosti kemur línan hennar til með að þvera hitaveitu og vatnsveitu Veitna á nokkrum stöðum. Mikilvægt er að endanleg staðsetning á möstrum fyrir nýja lagnaleið Landsnets verði unnið með tillit til staðsetningu hitaveitu og vatnsveitu og að rask á framkvæmdatíma komi ekki til með að setja lagnir Veitna í uppnám. Veitur benda einnig á að hæð á línu þarf að vera fullnægjandi þannig að hægt sé að koma að vinnuvélum til að viðhalda og endurnýja hitaveitu- og vatnslagnir.

Tillagan gerir ráð fyrir að línan fari í gegnum skilgreint fjarsvæði vatnsverndar og að taka beri tillit til þess og fylgja öllum lögum og reglum varðandi framkvæmdir á slíkum svæðum og viðbrögð við mengunarslysum.

Veitur leggja áherslu á gott samráð og gera ekki frekari athugasemdir við tillöguna að sinni.

Virðingarfyllst,
F.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Skorradalshreppur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

2205001 SÓÁ

Umsögn um Hallarmúlaleið sem er nýr valkostur Holtavörðuheiðarlínu 1 og matsáætlun umræddrar leiðar

Holtavörðuheiðarlína 1, matsáætlun

Landsnet hf. hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun um framkvæmd Holtavörðuheiðarlínu 1, sbr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og var til kynningar frá 11. maí til 8. júní 2022 og álit Skipulagsstofnunar um matsáætlunina lá fyrir þann 21. júlí 2022. Nú er í kynningu viðbót við fyrrnefnda matsáætlun er varðar nýjan valkost, svokallaða Hallarmúlaleið. Línuleið hins nýja valkostar liggur frá Vatnshömrum um Stafholtstungur að Hallarmúla og þaðan upp á Grjótháls og er um 25 km löng. Óskað er eftir að hreppurinn gefi umsögn um þennan nýja valkost. Umsagnarfrestur rennur út þann 18. október 2023.

Á 175. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 12.10.2023 var fjallað um málið og skipulagsfulltrúa falið að senda inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Umræddur valkostur um Hallarmúlaleið er innan Borgarbyggðar, en engu að síður vill sveitarfélagið koma því á framfæri að valkostir verði bornir saman og áhrif þeirra metnir út frá þeim möguleikum sem landið býður upp á, eins og til að mynda gott framtíðar ræktunarland til matvælaframleiðslu, uppbyggingu fristundabyggða, útivistarsvæði, veiðisvæði o.fl. Það er mikilvægt í umhverfismati sem þessu að horft sé til framtíðar og tryggt að ekki sé gengið á auðlindir sem mögulega er hægt að nýta í framtíðinni. Það er ekki fullnægjandi að eingöngu séu metin áhrif út frá núverandi landnýting, því í landi felast ýmis tækifæri sem komandi kynslóðir munu nýta sér.

Það er mikilvægt að stytta lagnaleið megin flutningskerfis raforku eins og kostur er. Því er mikilvægt að styttri valkostir fái aukið vægi við mat á umhverfisáhrifum. Á láglendi fara fram athafnir daglegs lífs. Þar býr fólkið, dvelur, þroskast og dafnar. Lagnaleið megin flutningskerfis raforku hefur áhrif á lýðheilsu þeirra sem búa og dvelja nærri slíkum mannvirkjum. Því er mikilvægt að lagnaleið sem snertir sem fæst híbýli fái aukið vægi við mat á umhverfisáhrifum. Að sama skapi ber að forðast að nýta land í einkaeigu undir megin flutningskerfi raforku og gefa valkosti sem fer um land ríkisins aukið vægi við mat á umhverfisáhrifum. Með þetta að leiðarljósi er mikilvægt að valkostur um Kjöl sé einnig tekinn til skoðunar og umhverfisáhrif hans metinn.

Hvanneyri 18. október 2023
Virðingarfyllt,


Sigurbjörg Askeldsdóttir,
skipulagsfulltrúi

Hjálagt:

Umsögn um matsáætlun framkvæmdar Holtavörðuheiðarlínu 1, dags. 27.5.2022
Ábendingar er varðar valkostagreiðningu Holtavörðuheiðarlínu 1, dags. 21.1.2022



Skorradalshreppur

Skipulagsstofnun
b/t Þórdísar Stells Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

2205001 SÓÁ

Umsögn um matsáætlun framkvæmdar Holtavörðuheiðarlínu 1

Holtavörðuheiðarlína 1, matsáætlun

Landsnet hf. hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun um framkvæmd Holtavörðuheiðarlínu 1, sbr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir að hreppurinn gefi umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar eigi síðar en 8. júní nk. Í umsögn þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð. Skipulags- og byggingarnefnd vill lýsa furðu sinni á tímasetningu framlagnar Matsáætlunar Holtavörðuheiðarlínu 1. Á fjögurra ára fresti má segja að sveitarfélög séu á vissan hátt lömuð vegna kosninga. Valdaskipti eiga sér stað og sveitarstjórnir og nefndir láta af störfum og afhenda valdið til ný kjörinna fulltrúa. Reikna má með að valdaskipti taki að lágmarki einn mánuð. Landnet hefur valið að leggja fram Matsáætlun framkvæmdar sem er afar stór og viðamikil á nákvæmlega þessum tímamarki, þ.e. 10. maí sl. Þá er skipulags- og byggingarnefndir sveitarfélaganna flestar búnar að halda sinn síðasta fund á kjörtímabilinu og hafa ekki tök á að fjalla um málið og leggja fram sína umsögn.

Í erindi til Landnets þann 19. janúar sl. er varðar ábendingar valkostagreiningar Holtavörðuheiðarlínu 1 voru gerðar alvarlegar athugasemdir við þá greiningu. Í kafla 3 er fjallað um valkosti til umhverfismats. Línunni er skipt upp í fjóra kafla, þ.e. A, B, C og D og kafli A fer um Skorradalshrepp. Núverandi byggðalína liggur um 6 km leið innan marka sveitarfélagsins, hluta til um fjalllendi og að hluta um nytjað land á láglandi. Það íbúðarhús sem stendur næst byggðalínunni er íbúðarhús í landi Neðri Hrepps og er í 600 m fjarlægð frá línunni. Engin umfjöllun er í skýrslunni um legu mögulegrar línu um sveitarfélagið. Hreppurinn telur það áamælisvert og kallaði eftir umfjöllun um möguleg áhrif línunnar innan þeirra jarða sem línan fer um. Í ljósi þess óskaði Skorradalshreppur eftir að valkostagreiningarskýrslan yrði lagfærð og áskilaði skipulagsnefndin sér síðan rétt á að koma með ábendingar aftur þegar lagfærð skýrsla lægi fyrir. Uppfærð valkostagreiningarskýrsla hefur enn ekki borist og sú valkostagreining sem lá frammi er ekki lengur aðgengileg á heimasíðu Landsnets. Sveitarfélagið gerir því alvarlegar athugasemdir við það sem fram kemur í kafla 4.2 Greining valkosta í Matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1 er varðar að brugðist hefur verið við þeim athugasemdum sem bárust. Í kaflanum er farið ranglega með. Það rétta er að það hefur ekki verið brugðist við öllum athugasemdum. Umfjöllun vantaði um eitt af sveitarfélögunum og Valkostagreining hefur ekki verið uppfærð í samræmi við óskir umrædds sveitarfélags (sjá hjálagt skjal).

Eins og áður segir að þá er núverandi byggðalína í 600 m fjarlægð frá íbúðarhúsi Neðri Hrepps. Ekki liggir fyrir hvoru megin Holtavörðuheiðarlína 1 mun rísa, en í ljósi þeirrar nálægðar sem íbúðarhúsið er við fyrirhugaða línu að þá ber að vanda vel landslagsgreiningu umhverfismatsins á þessu svæði og þá sérstaklega er varðar landslag/rýmismyndun og sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Mikilvægt er að það sé einnig skoðað í matinu að Holtavörðuheiðarlína 1 fari fyrir Hafnarfjall í staðinn fyrir að fara yfir Skarðsheiði og þann metin samfélagslegi ávinningur að því þar sem skapast tækifæri til að styrkja tengingu við svæðisbundið flutningskerfi eins og Snæfellsnes.

Í kafla 4.5 Hugmyndir valkosta sem ekki verða metnar í umhverfismati í Matsáætlun Holtavörðuheidarlínu 1 er ófullnægjandi umfjöllun að mati sveitarfélagsins um línuleið um Kjöl og ætti að vera einn af valkostum til umhverfismats. Holtavörðuheidarlína 1 er ný lína og verður mikilvægur hluti meginflutningskerfis raforku og tenging á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar. Því er eðlilegast að hún fari styðstu leið um Kjöl. Núverandi byggðalínu er ætlað að taka við endurnýjanlegri orkuframleiðslu, en ekki Holtavörðuheidarlínu 1. Því væri eðlilegast að núverandi byggðalína yrði endurbyggð og lagfærð til samræmis við breytta notkun. Þannig gæti hún bætt og styrkt tengipunkta við svæðisbundin flutningskerfi með aukinni flutningsgetu línu frá Hvalfirði og norður að Blönduvirkjun og mun áfram geta þjónað landshlutanum. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að bæði Skarðsheiðin og Holtavörðuheiðin er hálendi. Þingsályktunartillögur ættu því ekki, hvað varðar „hálandishugtakið“ að koma í veg fyrir að lagnaleið yfir Kjöl væri skoðuð.

Í kafla 5.4 Efnistaka á mynd 5.9 í Matsáætlun Holtavörðuheidarlínu 1 eru sýndir þeir efnistökuastaði sem eru innan við 10 km fjarlægðar frá núverandi línunum Landsnets. Þeir efnistökuastaðir eru sýndir á myndinni sem eru innan sveitarfélagamarka Skorradalshrepps. Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins eru þeir merktir nr. 3, 6 og 7 á sveitarfélagaupprætti aðalskipulags. Efnistökuastaður nr. 3 er í árósum Álfsteinsár í inntakslóni Andakílsárvirkjunar og er áætlaður 4 ha að stærð, nr. 6 er áætlaður 0,3 ha að stærð og 7 er áætlaður 0,2 ha að stærð. Þeir eru báðir í Álfsteinsá. Umræddir efnistökuastaðir eru í flokki 1 sem þýðir að þeir eru í árfarvegi og dýpt efnistökusvæðis má ekki vera meiri en 1 m (m.v. yfirborð meðalrennslis). Sveitarfélagið gerir kröfur um að efnistaka sé hluti umhverfismatsins. Efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld.

Í kafla 6.0 Verndarsvæði í Matsáætlun Holtavörðuheidarlínu 1 kemur fram að Andakíll er verndarsvæði blesgæsar og liggur vestan við fyrirhugaða Holtavörðuheidarlínu 1, en hluti Ramsar svæðis er innan sveitarfélagamarka Skorradalshrepps, þ.e. það svæði sem liggur vestan Borgarfjarðarbrautar (50). Holtavörðuheidarlína 1 er fyrirhuguð í um 300 m fjarlægð frá umræddu svæði. Sveitarfélagið bendir á að nálægð framkvæmdarinnar við svo mikilvægt svæði verði skoðuð sérstaklega í landslagsgreiningu umhverfismatsins og þá sérstaklega er varðar landslag og sjónræn áhrif.

Í kafla 9.7 Landslag í Matsáætlun Holtavörðuheidarlínu 1 er fjallað um aðferðarfræði landslagsgreiningar. Mikilvægt er að landslagsgreining og sú aðferðarfræði sem stuðst verði við varpi ljósi á þau landslagsgæði sem eru innan þeirra jarða sem framkvæmdin snertir og gerð grein fyrir hvar mestu umhverfisáhrifin eru af núverandi byggðalínu og Holtavörðuheidarlínu 1. Með landslagsgreiningu verði sýnt fram á, á faglegan hátt, hvar möguleg lega Holtahéidarlínu 1 gæti verið að teknu tilliti til umhverfisáhrifa á landslag, menningarverðmæti og jarðrækt innan jarðanna.

Í kafla 9.8.1 Núverandi staða og mögulegar breytingar í Matsáætlun Holtavörðuheidarlínu 1 er fjallað um gönguleiðir og í kafla 9.8.2 Fyrirliggjandi gögn er vísað í heimildir sem liggja til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Sveitarfélagið vill koma á framfæri að unnin voru kort og leiðarlýsing bæði af Hvalfjarðarhring og Skarðsheiðarhring sem gefin voru út af sveitarfélögunum Akraneskaupsstað, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppi og Skorradalshreppi. Umrædd kort eru ekki talin upp sem fyrirliggjandi gögn í matsáætlun og eru því hér með hjálögð. Óskað er eftir að þau verði höfð til hliðsjónar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er varðar þjóðleiðir og mikilvægar gönguleiðir innan framkvæmdasvæðis.

Í kafla 10.1.3 Aðalskipulag í Matsáætlun Holtavörðuheidarlínu 1 er yfirlit yfir aðalskipulagsáætlanir og stefnur þeirra er varðar lagningu nýrra áspennulína. Í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 er lögð fram stefna að: „Unnið verði að því að SU1 [Sultartangalína 1] verði aflögð, lögð samhliða SU3 [Sultartangalína 3], eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar á línunni.“ Í stefnunni kemur einnig fram að: „Núverandi háspennulínur draga úr náttúruupplifun fólks og gildi svæðisins vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.“ Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir Holtavörðuheidarlínu 1 og í ljósi ofangreindrar stefnu sveitarfélagsins er þörf á breytingu aðalskipulags með tilkomu Holtavörðuheidarlínu 1. Enn fremur kemur fram í stefnu Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022 að: „Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línur.“ Þetta þýðir að ný Holtavörðuheidarlína 1 getur ekki komið inn á aðalskipulag fyrr en það er búið að semja við landeigendur um helgunarsvæði og eins lagnaleið. Þarna yrði helgunarsvæðið hnitsett og jafnvel gefið sér landnúmer, sem eigandi línunnar þyrfti að

greiða af hugsanlega leigu til landeiganda og fasteignaskatt til sveitarfélagsins, þar sem hann yrði umráðandi landsins.

Í matsáætlun vantar tilfinnanlega umfjöllun um þær breyttu forsendur á raforkumarkaði sem hafa orðið og gætu orðið. Sérstaklega vantar að gaumgæfa hvaða áhrif „orkupakkar“ ESB geti haft á viðskipti með raforku á afskriftatíma þeirra raflína sem hér um ræðir. Það þarf að ræða hvernig þeir sem leggja land undir staurastæður og land undir línur og á áhrifasvæði þeirra fái sanngjarnan hlut í þeim viðskiptahagnaði sem þá gæti skapast. Vera kann að orkutílskipanir ESB, t.d. fjórði orkupakkinn geti orðið til þess að unnt verði, eða jafnvel skylt að skattleggja háspennumöstur t.d. með fasteignasköttum, eins og önnur mannvirki sem reist eru til einkanota, eða fyrir atvinnurekstur. Við þá ráðstöfun yrði eignarréttur upprunalegs landeiganda skaðaður. Mun minni mannvirki en háspennumöstur þurfa jafnan að hafa lóð og bera fasteignaskatt af sjálfu sér og lóðinni einnig. Þá er miðað við álagningu sem er hlutfall af eðlilegu staðgreiðsluverði sambærilegra eigna á svæðinu. Hlunnindi bera fasteignaskatt sem hlutfall af ætlaðri arðsemi. Til samanburðar er ágætt að skoða stöðu á raforkumarkaði í Evrópu nú um stundir.

Gera þarf ráð fyrir að Holtavörðuheildarlínu 1 geti verið einkavædd líkt og fór með fjarskiptainnviði Símann og Milu og ber því að meta samfélagslega þörf línunnar. Nauðsynlegt er að við framsal línunnar skapist samningsstaða þannig að landeigendur geti fengið línuna fjarlægða eða samið um leigugjald ef upp kemur slík staða. Miklar breytingar eru nú um stundir í orkugeiranum og þau heimili og fyrirtæki sem gamla byggðalína þjónaði gætu í framtíðinni sparað orku verulega og/eða nýtt sér aðra orkugjafa nær sér. Við þannig aðstæður er líklegt að þessi nýja lína þjóni fyrst og fremst iðnaði sem ekki telst samfélagslega nauðsynlegur, svo sem gagnver o.fl. Í framhaldinu getur orðið erfitt að rökstyðja eignarhald ríkisins á þessu mannvirki. Má þannig benda á að þjóðaröryggisráð komst nýlega að þeirri niðurstöðu að fjarskiptanet Milu væri ekki samfélagslega mikilvægt.


Enn fremur er fremur kaldhæðin staðreynd að þrátt fyrir að megnið af raforku sé flutt úr dreifbýli um dreifbýli bótalítið, þá þurfa dreifbýlisbúar að greiða hærra flutningsgjald fyrir raforku en þeir sem búa á stöðum sem eru skilgreind sem þéttbýli.

Holtavörðuheildarlína 1 er matsskyld framkvæmd samkvæmt liðum 2.02 og 10.15 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi.

Hægt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags án deiliskipulagsgerðar eða grenndarkynningar, ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi. Að öðrum kosti kallar veiting framkvæmdaleyfis á að jafnframt liggi fyrir deiliskipulag af viðkomandi svæði. Í þeim tilvikum sem veiting framkvæmdaleyfis kallar á gerð deiliskipulags getur hreppsnefnd þó veitt framkvæmdaleyfi án deiliskipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Sótt er um framkvæmdaleyfi hjá skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar skal vera í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Hvanneyri 27. maí 2022

Virðingarfyllst,


Jón Eiríkur Einarsson,
Formaður skipulags- og byggingarnefndar

Hjálagt:

Erindi sveitarfélagsins til Landsnets dags. 21. janúar 2022

Hvalfjarðarhringurinn, kort og leiðarlýsing

Skarðsheiðarhringurinn, kort og leiðarlýsing



Skorradalshreppur

Landsnet hf
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

2011008 SÓÁ

Ábendingar er varðar valkostagreining Holtavörðuheiðarlínu 1

Erindi frá Landsnet hf. Hrútafjarðarlína.

Landsnet hefur lagt fram valkostagreiningu með tillögum um raunhæfa valkosti Holtavörðuheiðarlínu 1, þar sem farið hefur verið yfir hugmyndir og ábendingar sem fram komu í samráðsvinnu við hagsmunaaðila og landeigendur. Frestur til að skila inn ábendingum var til 17. janúar 2022. Óskað var eftir auka fresti fram til 21. janúar nk. sem var veittur.

Á 55. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 18.1.2022 var fjallað um málið og skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samvinnu við nefndina.

Í kafla 3 er fjallað um valkosti til umhverfismats. Línunni er skipt upp í fjóra kafla, þ.e. A, B, C og D og kafla A fer um Skorradalshrepp. Núverandi byggðalína liggur um 6 km leið innan marka sveitarfélagsins, hluta til um fjalllendi og að hluta um nytjað land á láglandi. Það íbúðarhús sem stendur næst byggðalínunni er íbúðarhús í landi Neðri Hrepps og er í 600 m fjarlægð frá línunni. Engin umfjöllun er í skýrslunni um legu mögulegrar línu um sveitarfélagið. Hreppurinn telur það ámælisvert og kallar eftir umfjöllun um möguleg áhrif línunnar innan þeirra jarða sem línan fer um. Í ljósi þess óskar Skorradalshreppur eftir að valkostagreiningarskýrslan verði lagfærð. Skipulagsnefnd áskilur sér síðan rétt að koma með ábendingar aftur þegar lagfærð skýrsla liggur fyrir.

Í stefnu **Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022** kemur fram að: „*Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línur.*“ Þetta þýðir að ný Holtavörðuheiðarlína getur ekki komið inn á aðalskipulag fyrir en það er búi að semja við landeigendur um helgunarsvæði og eins lagnaleið. Þarna yrði helgunarsvæðið hnitsett og jafnvel gefið sér landnúmer, sem eigandi línunnar þyrfti að greiða af hugsanlega leigu og fasteignaskatt til sveitarfélagsins, þar sem hann yrði umráðandi landsins.

Í viðauka 1 er fjallað um forsendur valkostagreiningar m.a. kerfisáætlun, stefnu stjórnvalda og markmið raforkulaga. Í þessu sambengi vantar tilfinnanlega umfjöllun um þær breyttu forsendur á raforkumarkaði sem hafa orðið og gætu orðið. Sérstaklega vantar að gaumgæfa hvaða áhrif „*orkupakkar*“ ESB geti haft á viðskipti með raforku á afskriftatíma þeirra raflína sem hér um ræðir. Það þarf að ræða hvemig þeir sem leggja land undir staurastæður og land undir línur og á áhrifasvæði þeirra fái sanngjarnan hlut í þeim viðskiptahagnaði sem þá gæti skapast. Vera kann að orkutílskipanir ESB, t.d. fjórði orkupakkinn geti orðið til þess að unnt verði, eða jafnvel skylt að skattleggja háspennumöstur t.d. með fasteignasköttum, eins og önnur mannvirki sem reist eru til einkanota, eða fyrir atvinnurekstur. Við þá ráðstöfun yrði eignarréttur upprunalegs landeiganda skaðaður. Mun minni mannvirki en háspennumöstur þurfa jafnan að hafa lóð og bera fasteignaskatt af sjálfu sér og lóðinni einnig. Þá er miðað við álagningu sem er hlutfall af eðlilegu staðgreiðsluverði sambærilegra eigna á svæðinu. Hlunnindi bera fasteignaskatt sem hlutfall af ætlaðri arðsemi. Til samanburðar er ágætt að skoða stöðu á raforkumarkaði í Evrópu nú um stundir.

Að lokum má segja að það er fremur kaldhæðin staðreynd að þrátt fyrir að megnið af raforku sé flutt úr dreifbýli um dreifbýli bótalítið, þá þurfa dreifbýlisbúar að greiða hærri flutningsgjald fyrir raforku en þeir sem búa á stöðum sem eru skilgreind sem þéttbýli.

Í stefnu **Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022** er lögð fram sú stefna að: „*Unnið verði að því að SU1 [Sultartangalína 1] verði aflögð, lögð samhliða SU3 [Sultartangalínu 3], eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar á línunni.*“ Í stefnunni kemur einnig fram að: „*Núverandi háspennulínur draga úr náttúruupplifun fólks og gildi svæðisins vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.*“ Sveitarfélagið minnr á þessa stefnu.

Í kafla 2.2.2 er ófullnægjandi umfjöllun að mati sveitarfélagsins um línuleið 16, um Kjöl sem valkost. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að bæði Skarðsheiðin og Holtavörðuheidiin hljóta að teljast hálendi. Þessar þingsályktunartillögur ættu ekki, hvað varðar „hálendishugtakið“ að koma í veg fyrir að lagnaleið yfir Kjöl væri skoðuð.

Hvanneyri 21. janúar 2022.
Virðingarfyllst,

Jón Eiríkur Einarsson,
formaður skipulags- og byggingamefndar



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

sent í gegnum skipulagsgátt

Reykjavík, 18. október 2023

Holtavörðuheiðarlína - Athugasemdir Landverndar vegna matsáætlunar Landsnets

Landvernd hvetur til þess að fallið verði frá tillögum Landsnets um að fara með Holtavörðulínu Hallarmúlaleið um Grjótháls á milli Norðurárdals og Þverárhlíðar. Jafnframt leggur Landvernd til að línunni verði valinn staður í gamla línustæðinu til að forðast óþarfa jarðrask og vegagerð. Með tillögum um leiðarval eftir Grjóthálsi færu háspennulínur og uppbyggðir vegir um ósnortið land og einstakri náttúru með silungavatnafesti eftir heiðarlandinu niður í sveitir yrði stórlega raskað.

Um leið og Landvernd fagnar uppbyggingu dreifikerfis raforku af heilum hug minna samtökin á að stjórnvöld hafa þá stefnu að raska ekki ósnortnum svæðum.

„Í stefnumörkun stjórnvalda eru tilgreind nokkur sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi við uppbyggingu á dreifi- og flutningskerfi raforku. Meðal leiðarljósa er að forðast skal röskun á friðlýstum og ósnortnum svæðum, leitast skal við að halda línugötum í lágmarki og nýta núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf.“

Til að standa við stefnu og markmið stjórnvalda, hlýtur að vera eðlilegri kostur að velja sama línustæði og gamla línunni liggur nú um. Með því að byggja ekki möstur utan helgunarsvæðis gömlu línunnar, yrði dregið úr framkvæmdum og raski á nú ósnortnum svæðum. Það er ekki nauðsynlegt að taka land til viðbótar utan helgunarsvæðis gömlu línunnar.

Framkvæmdaaðilar hafa nú þegar umráðarétt yfir um sextíu metra breiðu svæði með gömlu raflínunni og Landvernd leggur til að Landsnet haldi sig innan þeirra marka og fari ekki yfir Grjóthálsinn á milli Norðurárdals og Þverárhlíðar. Þá er mikilvægt að gamla línumastrið verði tekin niður og að ekki komi til greina að þarna rísi annað línumastur samhliða því gamla.

Fram hefur komið að um aðra valkosti með minna raski er að ræða við lagningu Holtavörðulínu. Ekkert styður því hugmyndir um að fara með línuna í gegnum ósnortna og einstaka náttúru Borgarfjarðar.

Skorað er Landsnet að hverfa frá hugmyndum um Hallarmúlaleið.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar*

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

18. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Vísað er til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Atriði sem þarf að meta umfram það kemur fram í matsáætlun

Vekjum athygli á vatnsbóli garðyrkjustöðvarinnar Laugalands Hf í landi Hallar

Vatnsverndarsvæði og vatnsból á svæði mastrana 126-BS, 127-FA og 128-BS.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Áskilinn er allur bótaréttur á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá er áskilinn réttur til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst,

Þórhallur Bjarnason f.h. Laugalands Hf

(420269-4129)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. október 2023
Málsnúmer: 202309-0022
SS

Efni: Umsögn um matsáætlun Hallarmúlaleiðar – nýs valkosta Holtavörðuheidarlínu 1.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sent gegnum Skipulagsgátt þann 18. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir viðbótarvalkost í mati á umhverfisáhrifum á Holtavörðuheidarlínu, svokallaða Hallarmúlaleið.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um upphaflega matsáætlun þann 8. júní 2022. Þar taldi stofnunin matsáætlunina fjalla um það helsta sem í matsáætlun þarf að koma fram og að verið væri að leggja mat á rétta umhverfisþætti. Gerðar voru ábendingar m.a. um eftirfarandi atriði:

- Að mikilvægt sé að leggja mat á verndargildi jarðmyndana sem verða fyrir raski á línuleiðinni eða efnistökusvæðum.
- Gera þurfi grein fyrir öllum efnistökusvæðum og gerð þeirra s.s. jarðmyndun og setgerð, og áætla efnisþörf úr hverri námu eins og hægt er.
- Að mikilvægt væri að tíðni athugana væri há þegar metin væru áhrif áflugs fugla á línur.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina fyrir viðbótarvalkostinn og telur að líkt og með upphaflega matsáætlun sé á greinargóðan hátt fjallað um framkvæmdina og helstu umhverfisáhrif sem ber að meta. Stefnt er að því að umhverfismat fyrir flesta umhverfisþætti fari fram á sambærilegan hátt og fyrir hina valkostina og með svipaðri gagnaöflun. Það á við um þá umhverfisþætti sem tengjast fagsviði Náttúrufræðistofnunar svo sem jarðminjar, fuglalíf og gróður. Ábendingar úr fyrri umsögn eiga við hér sömuleiðis. Meðal annars ber að skoða vandlega jarðfræði svæðisins og verndargildi jarðmyndana t.d. í tengslum við Ljósufjallaeldstöðina.

Þess ber að geta að Náttúrufræðistofnun hefur tekið að sér gróðurfarsrannsóknir á Hallarmúlaleið til viðbótar við aðra valkosti og hefur vettvangsvinna farið fram nú þegar. Ekki verða sömu aðilar sem sinna fuglarannsóknum fyrir Hallarmúlaleið eins og fyrir hina valkosti, en sömu aðferðafræði verður beitt. Mikilvægt er að stuðla að samræmi milli ólíka rannsóknaraðila hvað varðar gagnaöflun sem og úrvinnslu og túlkun gagna til að tryggja góðan samanburð á valkostum. Athuganir á áflugi eru ekki síður mikilvægar fyrir þennan valkost þar sem hann liggur um landbúnaðarsvæði og votlendi á láglandi þar sem t.d. gæsaþópar eru tíðir sérstaklega á farti.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Langholti 18. október 2023

EFNI: Umsögn um Hallarmúlaleið - nýr valkostur Holtavörðuheiðarlínu 1 og matsáætlun umræddrar leiðar

Undirrituð hafa kynnt sér gögn málsins og ítreka fyrri umsagnir um þessa línu sem og umsögn um kerfisáætlun. Að okkar mati þarf að fjalla betur um og leggja meiri áherslu á áhrif á landbúnað. Meðal annars mætti vísa til heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna eins og gert er í kerfisáætlun. Það skortir m.a. verulega á umjöllun um landbúnað, byggð og fæðuöryggi í fyrra álit Skipulagsstofnunar um matsáætlunina. Það þarf að meta betur hversu mikið fyrirhuguð framkvæmd, eða valkostir hennar hafa áhrif á ræktanlegt land og búsetu. Eins og fram hefur komið þá er um að ræða mjög verulega landnotkun vegna vega og staurastæða. Stytting línunnar, vernd ræktanlegs lands og nálægð við heimili þarf að fá aukið vægi. Það er ekki nóg að afgreiða slík atriði með einum + eða – í exel töflu. Í matsáætluninni er sett fram tafla með helstu breytum varðandi tæknileg atriði, þ.e. tafla 3,2. Hugsanlegt mismunandi veðurálag fyrir þessa tvo kosti sem þarna eru bornir saman ætti ekki að vega mikið við samanburð valkosta þar sem Landsnet telur lítið mál að leggja til aðeins einn valkost milli Brennimels og Vatnshamra, þ.e. yfir Skarðsheiði. Fjöldi jarða er einkennilegur mælikvarði og mat á verkkostnaði byggist væntanlega á þeirri fíringu að ekki þurfi að greiða bætur eða leigu sem er í samræmi við væntingar landeigenda. Varðandi umfjöllun um áhrif á landbúnað í kafla 7,9 þar verður að átelja þá fyrirætlan að „Einkum verður horft til núverandi nytjar landbúnaðarlands sem háspennulínan fer um og hver mögulega skerðing verður á nytjum“. Benda verður á að þessi nálgun er ekki í samræmi við inntak heimsmarkmiða SP, sem landsnet hefur þó til hliðsjónar í Kerfisáætlun, né heldur þá staðreynd að núverandi lína hefur staðið í um 50 ár og gera verður ráð fyrir að sú nýja endist amk þann tíma. Það er nauðsynlegt að meta þetta með framtíðina í huga.

Við leggjum áherslu á að fjallað um þetta út frá sjónarhóli landbúnaðar og byggða. Í matsáætluninni eru ýmsir mælikvarðar sem taka tillit til áflogs fugla og fleira. Eigi skal það lasta. Skipulagsstofnun fellur í þá gildru að fjalla um þessa mælikvarða marga hverja en gætir ekki að meginforsendum verkefnisins. Meginfallinn á áformum Landsnets er eftir sem áður að taka ekki til skoðunar að leggja þessa línu yfir Kjöl, eins og marg oft og vel rökstutt hefur verið bent á bæði á fundum og í umsögnum. Benda má á að nú hefur verið opnað heilsárshótel í Kerlingarfjöllum og Hveravellir æpa á uppbyggingu, Kjalvegur þar með líka. Það er ekki viðunandi fyrir okkur að samtal við stjórnvöld um þetta geti bara ekki átt sér stað „af því bara“. Verið þið nú svo væn að athuga hvort ekki finnist einhver á vegum stjórnvalda sem hægt er að ræða þetta við. Minna má á að ríkið hafði mikið fyrir því að „sanna“ sinn eignarrétt á sem mestu af hálendinu, tími er kominn til að ríkið nýti sér þann eignarrétt og láti af óþarfa landnámi á láglandi.

Virðingarfyllt, fyrir hönd landeigenda Langholts og Laugarholts,



Eiríkur Blöndal

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Hofsstöðum, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaðir landeigendur vísa til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hf. hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaðir landeigendur eru meðal eigenda jarðarinnar Hofsstaða í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðra landeigenda eru ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur er hún á hinni svokölluðu Hallarmúlaleið.

Undirritaðir landeigendur vísa til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggjast undirritaðir landeigendur alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísa undirritaðir landeigendur til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land

í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruuminjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaðir landeigendur gera athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitum Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit*“.

Undirrituðum landeigendum er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðra landeigenda en á jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaðir landeigendur gera ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheildarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarfærlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaðir landeigendur taka undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaðir landeigendur telja að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheildarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telja undirritaðir landeigendur að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag.*

Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat¹. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða lín Valkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheidiarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheidiarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimeil er hinn augljósi

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „erfitt landslag“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggi ekki fyrir. Gera undirritaðir landeigendur athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðra landeigenda

1. **Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og vegalagningar á vatnsbúskap í Stafholtsfjalli en bæjarhús, sumarhús og útihús á Hofsstöðum sækja vatn í borholu og lindir í Stafholtsfjalli. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap í Stafholtsfjalli og þarf að meta áhrifs þess sérstaklega. Aðgangur að hreinu köldu vatni er grundvöllur fyrir allri byggð og búskap á jörðinni sem og skipulagningu frekari sumarhúsabygðar.
2. **Landbúnaður:** Skoða þarf áhrif línuvega og mastra í beitilandi jarðarinnar. Sé gert ráð fyrir að Landsnet hafi stöðugan og greiðan aðgang að línuvegum þá þarf væntanlega að girða þá vegi. Ekki er ljóst hver á að standa straum af því auk þess sem girðingar þvert í gegnum jörðina munu rýra notagildi hennar og torvelda búskap að einhverju leyti.
3. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun blasa við frá öllum bæjarhúsum á Hofsstöðum. Ásýnd línunnar þarf að meta sérstaklega frá bæjarhúsum séð en einnig frá öðrum stöðum á jörðinni þar sem til greina kemur að byggja sumarhús eða heilsárshús.
4. **Veiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif lína um Hallarmúlaleið hafi áhrif á vilja fólks til að stunda veiði á svæðinu og aðra afþreyingu, s.s. útvist í ósnortinni náttúru. Línan er til þess fallin að draga úr áhuga fólks á að njóta annars ósnortinnar náttúru meðfram Hvítá og ber að meta þau áhrif.
5. **Sumarhúsabyggð, bygging heilsárshúsa og þróun fasteigna:** Fjöldi sumarhúsa hefur verið byggður á Hofsstöðum og viðbúið að þeim fjölgi. Línulagning um jörðina setur frekari fjölgun heilsárshúsa og sumarhúsa verulegar skorður sem þarf að meta sérstaklega.
6. **Lífriki og gróður:** Meta þarf sérstaklega áhrif línunnar á viðkvæman gróður í Stafholtsfjalli, bæði vegna mastra og ekki síður vegna línuvega sem eiga að fara um óraskað land. Umfangsmiklar framkvæmdir í fjalllendi á áberandi stað verða aldrei teknar aftur.
7. **Flóðahætta:** Þau möstur sem standa næst Hvítá í landi Þingness, Melkots, Flóðatanga og Svarfhóls eru á flóðasvæði árinna þar sem hætta er á stórflóðum og jakaburði. Möstur línunnar verða ekki þjónustuð á þessu svæði í einhverja daga á hverju ári. Þá er ekki ljóst hvort að möstur og línuvegir í landi Stafholts og Hofstaða séu ofan flóðalínu. Meta þarf áhrif flóðahættu á línuna.

8. **Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif Hallarmúlaleiðar á fuglalíf og aðflug að mikilvægum fuglaverndunarsvæðum í Ferjubakkaflóa, Ystutungu (Sólheimatungu) og Andakíl, samanborið við samanburðarvalkost. Eins og þegar er rakið í bréfum landeigenda til Landsnets hf. vegna málsins, þá eru Ferjubakkafló og Ystatunga mun nær Hallarmúlaleið heldur en línuleið eldri byggðalínu sem er samanburðarvalkostur eða „núllvalkostur“ í skoðun á Hallarmúlaleið samkvæmt matsáætlun Landsnets hf. Sérstaklega þarf að meta áhrif háspennulínu á erni á svæðinu en þeir sjást reglulega beggja megin Norðurár.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaðir landeigendur áskilja sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilja undirritaðir landeigendur sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



Sigrún Tómasdóttir



Tómas Tómasson

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Flóðatanga, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosts“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Flóðatanga í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagninu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að

um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitni Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirliggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirliggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða lín Valkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheidiarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkni á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheidiarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og að fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.


Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

- Uppbygging, sumarhúsabyggð og önnur þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á klapparholt meðfram Hvítá. Víðsýnt er frá holtunum og þau ofan flóðahættu en viðbúið að ásýnd svæðisins gerbreystist. Mikið og verðmætt land færi undir línu og helgunarsvæði línunnar. Land Flóðatanga er að miklu leyti á flóðasvæði Hvítár og Norðurár, það er að segja nema klapparholtin meðfram Hvítá. Framtíðaruppbygging á jörðinni verður ekki nema á svæðinu ofan flóðahættu en háspennulína á svæðinu eyðileggur möguleika á uppbyggingu á sama svæði. Meta þarf sérstaklega þessi miklu og íþyngjandi áhrif á uppbyggingarmöguleika á Flóðatanga.
- Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif Hallarmúlaleiðar á fuglalíf og aðflug að mikilvægum fuglaverndunarsvæðum í Ferjubakkaflóa, Ystutungu (Sólheimatungu) og Andakíl, samanborið við samanburðarvalkost. Eins og þegar er rakið í bréfum landeigenda til Landsnets hf. vegna málsins, þá eru Ferjubakkaflóa og Ystatunga mun nær Hallarmúlaleið heldur en línuleið eldri byggðalínu sem er samanburðarvalkostur eða „núllvalkostur“ í skoðun á Hallarmúlaleið samkvæmt matsáætlun Landsnets hf. Sérstaklega þarf að meta áhrif háspennulínu á erni á svæðinu en þeir sjást reglulega beggja megin Norðurár.
- Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og línuvega á vatnsbúskap í Stafholtsfjalli. Jarðirnar Flóðatangi, Melkot og Svarfhóll, auk sumarhúsa og heilsárhúsa á jörðunum, sækja allar vatn í lindir í Stafholtsfjalli. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap Stafholtsfjalls.
- Flóðahætta:** Þau möstur sem standa næst Hvítá í landi Þingness, Melkots, Flóðatanga og Svarfhóls eru á flóðasvæði árinna þar sem hætta er á stórflóðum og jakaburði. Möstur línunnar verða ekki þjónustuð á þessu svæði í einhverja daga á hverju ári. Meta þarf áhrif flóðahættu á línuna.
- Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Flóðatanga þar sem línun kemur yfir Hvítá áleiðis að Stafholtsfjalli. Þá eykur það enn á ásýnd línunnar ef að gera þarf leiðara sérstaklega auðkennanlega til að veða á móti áflugsáhættu í nálægð við fuglaverndunarsvæðin í Ferjubakkaflóa og Ystutungu (Sólheimatungu) svo sem lagt er til á bls. 3 í álit Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2022.
- Fiskveiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið meðfram Hvítá, þar sem engin lína er fyrir, hafi áhrif á vilja fólks til að greiða fyrir stangveiði á svæðinu.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



Jóhann Sveinsson, Flóðatanga

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Glitstöðum 16. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Landeigendur Glitstaða vísa til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosts“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaðir landeigendur eiga jörðina Glitstaði í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðra landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaðir landeigendur vísa til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggjast undirritaðir landeigendur alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísun við til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Leið hinnar nýju línu liggur yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið er nýframkvæmd á því svæði sem hún fer um, enda færi línan að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð ef sá valkostur yrði fyrir valinu. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð. Fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stað og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruinjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins alla virka daga. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaðir landeigendur gera athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álit Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatsskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „stuttri greinargerð“ og veita síðan „umsögn“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaðir landeigendur gera ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „ákall“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „styrki“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „ákalli“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið. Viljum við í því sambandi benda á línuleið yfir hálendið en nú er uppbygging í Kerlingarfjöllum og heilsársvegur væntanlegur þangað. Það væri alveg kjörið að nýta þann veg og leggja línu samhliða. Þar að auki er land sem þá væri farið um að mestu í eigu ríkisins og því ætti að vera auðvelt að semja um nýtingu þess. Það er beinlínis soun á skattþeningum að skoða ekki línuleið yfir hálendið sem valkost samhliða nýtingu á eldra línustæði. Land í Borgarfirði er mjög verðmætt og ljóst að Hallarmúlaleið yrði mjög dýr valkostur, bæði framkvæmarlega svo og landbætur háar.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaðir landeigendur taka undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaðir landeigendur telja að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „vinnustofum“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum við eldra línustæði.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 var að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs.*

Var þessari leið hafnað í valkostagreiðningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiðningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiðningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuvalkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglendi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreiðing þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiðningu. Á þetta leggjum við mjög mikla áherslu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheidiarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹


Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheidiarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisveitingum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. Júní 2023.

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennifel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður eða hvort af verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheiðarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheiðarlína 1, fela í sér kosti og galla. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leiti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheiðarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheiðarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

Jarðvegur og gróður

Hálsinn milli Norðurárdals og Þverárhlíðar er með lágum klettabeltum og mýrarsundum og vallendisbrekkugeirum á milli. Um þetta svæði hefur ekki farið nema fótgangandi eða á hestum en það er ekki auðvelt yfirferðar vegna mýrarsunda. Vegagerð á þessu svæði kallar á mikla undirbyggingu og efni til þess er ekki nærtækt. Það er beinlínis skemmdarverk á þessu landi að ætla að fara þar um með stórvirkar vinnuvélar í veglagningu og uppsetningu mastra.

Landbúnaður

Land Glitstaða er allt nýtt til landbúnaðar. Kindur eru ekki fluttar á afrétt heldur ganga þær í heimalandi. Dýr eru að jafnaði næmari á bylgjur og hljóð en menn sem sést m.a. á því hvar þær velja að vera og ganga um.

Fuglar

Nokkrar fuglategundir eiga varpstaði við vötnin. Má þar nefna himbrima, gæs, álft og flestir mófuglar. Hér sjást líka á flugi margar aðrar fuglategundir s.s. lómur, hrafn og örn sem er mikið á flugi hér á haustin. Að hluta til eru þetta sjaldséðir fuglar og sumar þessara tegunda eru friðaðar. Meta þarf áhrif línunnar á fuglalífið, allt árið um kring.

Vötnin

Í flestum vötnum er lífríki sem þarf að meta sérstaklega svo og umhverfi vatnanna. Ljóst er að línan getur alls ekki legið eins og hún er teiknuð í dag þ.e. ýmist alveg á árbakkanum svo og þvert yfir vötn. Hvinur sem fylgir línunni getur valdið skaða á lífríkinu og orðið til þess að dýrum er ekki vært nærri línunni. Möguleg zink mengun af línunni er getur einnig verið skaðleg lífríkinu.

Vatnsból

Glitstaðir eru með eigið vatnsból bæði fyrir menn og dýr og er það staðsett ofarlega á hálsinum. Ekki er vitað hvaðan vatn safnast í það og hætta á að það geti mengast, líklega aðallega á framkvæmartíma.

Verðmæti lands og ásýnd

Jörðin Glitstaðir er í heild sinni mjög verðmæt. Það er nokkurn vegin sama hvar maður er staddur í Glitstaðalandi, allt umhverfi og útsýni er einstakt. Hér kallast á græn tún, Norðuráin, Grábrókarhraun, líparítfjallið Baula, Hraunsnefsöxl, klettabelti, ásar, holt, mýrarsund, vallendisbrekkur, vötn og tjarnir og er þá ekki nærri allt upptalið. Lagning línunnar mun breyta ásýnd þessa lands mikið og rýra

verðmæti þess. Þótt svo að nú sé hefðbundinn landbúnaður helsta atvinnugrein eigenda jarðarinnar þá býr hún einnig yfir stórkostlegum möguleikum í margskonar ferðaþjónustu s.s. hótélrekstur, kaffihús (sem er reyndar í skoðun núna), uppbyggingu sumarbústaðalanda og skipulagðrar útivistar.

Útivist

Glitstaðaland er mikið nýtt til útivistar af göngufólki en frá hálsinum er víðsýnt og gríðarfallegt útsýni til allra átta. Kyrrðin er alltumlykjandi. Gömul heybandsleið milli Glitstaða og Hamars í Þverárhlíð sem er vinsæl fyrir hestaferðir. Línan kemur til með að liggja samhliða þeim leiðum sem göngufólk velur sér en þvera hestaleiðir. Framtíðarmöguleikar í ferðaþjónustu þar sem boðið væri uppá ferðir á hálsinn t.d. með leiðsögn væru ekki í boði ef línan yrði lögð þar.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaðir landeigendur áskilja sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilja undirritaðir landeigendur sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst,

Guðrún Sigurjónsdóttir og Eiður Ólason

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Veiðilæk, Borgarbyggð

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hf. hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Veiðilæk í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur liggja hún nærri Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttæðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að

um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitum Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en á jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirliggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirliggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður landeigandi að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuleið yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkni á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggji ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

1. **Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og vegalagningar á vatnsbúskap í Hallarmúla. Bærinn á Veiðilæk sækir vatn í hlíðar Hallarmúlans. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap í Hallarmúla og þarf að meta áhrifs þess sérstaklega. Aðgangur að hreinu köldu vatni er grundvöllur fyrir allri byggð og búskap, hvaða nafni sem nefnist.
2. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun blasa við í landi Veiðilækjar. Ásýnd línunnar þarf að meta sérstaklega frá íbúðarhúsi séð en einnig frá öðrum stöðum á jörðinni þar sem til greina kemur að byggja sumarhús eða heilsárshús.
3. **Veiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif lína um Hallarmúlaleið hafi áhrif á vilja fólks til að stunda veiði á svæðinu og aðra afþreyingu. Veiðilækur eru meðal bestu veiðijarða við Norðurá en veiðimenn sækja ekki síst í hina ósnortnu og mikilfenglegu náttúru sem svæðið hefur upp á bjóða. Háspennulínan, þar sem hún myndi liggja um land Hallar, blasir við frá veiðihúsi Norðurár og gnæfir yfir veiðisvæðinu. Ótvírætt er að háspennulínan mun breyta ásýnd svæðisins til hins verra með tilheyrandi neikvæðum áhrifum sem þarf að meta sérstaklega í umhverfismati.


Þá þarf að meta áhrif línunnar á vilja fólks til að njóta ferðaþjónustu almennt á svæði sem hefur verið raskað með þeim hætti sem Landsnet hf. leggur til. Umfangsmiklar framkvæmdir í fjalllendi á áberandi stað verða aldrei teknar aftur. Efri hluta Stafholtstungna og Norðurárdalur eru þegar mikið útivistarsvæði sem er eftirsótt af sumarhúsaeigendum og ferðamönnum til útiveru. Háspennulínur munu gerbreyta aðdráttarafli svæðisins til hins verra.

4. **Jarðmyndanir:** Vísað er til athugasemda Marenar Davíðsdóttur dags. 9. október 2023 en í þeirri umsögn um Hallarmúlaleið eru færð sannfærandi rök fyrir því að Hallarmúli sé innan Ljósufjallakerfisins og njóti því verndar 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ber að meta áhrif framkvæmdanna sérstaklega að þessu leyti.
5. **Lífriki og gróður:** Meta þarf sérstaklega áhrif línunnar á viðkvæman gróður á Hallarmúla og Grjóthálsi, bæði vegna mastra og ekki síður vegna línuvega sem eiga að fara um óraskað land. Umfangsmiklar framkvæmdir í fjalllendi á áberandi stað verða aldrei teknar aftur.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



Arndís Björnsdóttir

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Svarfóll, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheildarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheildarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheildi. Fyrirhuguð Holtavörðuheildarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheildarlínu 1 sem Landsnet hf. hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Svarfóll í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheildarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttæðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheildi. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að

um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitum Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirliggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirliggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða lín Valkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheidiarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkni á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheidiarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheiðarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjól. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheiðarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið „*erfitt landslag*“ raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheiðarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheiðarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og að fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

1. **Landbúnaður:** Meta þarf áhrif á ræktanlegt land á Svarfhóli, ofan og meðfram Hvítár. Eina framræsta en óræktaða land sem eftir er á Svarfhóli, og er tækt til ræktunar, er undir fyrirhuguðu línustæði. Ræktuð og ræktanleg tún eru e.t.v. ekki nema 40-50 ha. án landsins við Hvítá. Lagning línunnar um svæðið við Hvítá dregur mjög úr möguleikum til framþróunar landbúnaðar á jörðinni þar sem frekari ræktunarkostir eru litlir eða engir nema við Hvítá.
2. **Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif Hallarmúlaleiðar á fuglalíf og aðflug að mikilvægum fuglaverndunarsvæðum í Ferjubakkaflóa, Ystutungu (Sólheimatungu) og Andakíl, samanborið við samanburðarvalkost. Eins og þegar er rakið í bréfum landeigenda til Landsnets hf. vegna málsins, þá eru Ferjubakkaflóa og Ystutunga mun nær Hallarmúlaleið heldur en línuleið eldri byggðalínu sem er samanburðarvalkostur eða „núllvalkostur“ í skoðun á Hallarmúlaleið samkvæmt matsáætlun Landsnets hf. Sérstaklega þarf að meta áhrif háspennulínu á erni á svæðinu en þeir sjást reglulega frá Svarfhóli beggja megin Norðurár.
3. **Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og línuvega á vatnsbúskap í Stafholtsfjalli. Jarðirnar Flóðatangi, Melkot og Svarfhóll, auk sumarhúsa og heilsárshúsa á jörðunum, sækja allar vatn í lindir í Stafholtsfjalli. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap Stafholtsfjalls.
4. **Flóðahætta:** Þau möstur sem standa næst Hvítá í landi Þingness, Melkots, Flóðatanga og Svarfhóls eru á flóðasvæði árinna þar sem hætta er á stórflóðum og jakaburði. Möstur línunnar verða ekki þjónustuð á þessu svæði í einhverja daga á hverju ári. Meta þarf áhrif flóðahættu á línuna.
5. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Svarfhóls þar sem línun kemur upp í hlíðar Stafholtsfjalls. Þá eykur það enn á ásýnd línunnar ef að gera þarf leiðara sérstaklega auðkennanlega til að veða á mótum áflugsáhættu í nálægð við fuglaverndunarsvæðin í Ferjubakkaflóa og Ystutungu (Sólheimatungu) svo sem lagt er til á bls. 3 í álit Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2022.
6. **Fiskveiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið meðfram Hvítá, þar sem engin lína er fyrir, hafi áhrif á vilja fólks til að greiða fyrir stangveiði á svæðinu.
7. **Sumarhúsabyggð og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á klapparholt meðfram Hvítá. Víðsýnt er frá holtunum og þau ofan flóðahættu en viðbúið að ásýnd svæðisins gerbreystist. Mikið og verðmætt land sem færi undir línu og helgunarsvæði línunnar.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



Arnaldur Jón Gunnarsson

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Stafholtsveggjum, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Stafholtsveggi í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færir að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færir um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til hags á línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruuminjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álit Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatsskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „stuttri greinargerð“ og veita síðan „umsögn“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „ákall“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „styrki“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „ákalli“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhögg við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „vinnustofum“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplagg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat*“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuvalkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheidiarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheidiarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidiarlínu 1 eins og hún er

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheiðarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheiðarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheiðarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheiðarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

1. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Stafholtsveggja. Bæjarhús jarðarinnar standa tiltölulega hátt í landinu og er háspennulínan í öllu sjónsviði frá bænum þegar horft er yfir land jarðarinnar og víðar. Áhrif þessa á jörðina, verðmæti hennar og lífsgæði þar þarf að meta sérstaklega. Þá eykur það enn á ásýnd línunnar ef að gera þarf leiðara sérstaklega auðkennanlega til að vega á móti áflugsáhættu í nálægð við fuglaverndunarsvæðin í Ferjubakkaflóa og Ystutungu (Sólheimatungu) svo sem lagt er til á bls. 3 í álit Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2022.
2. **Heilsársbyggð, sumarhúsabyggð og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á klapparholt og byggingarsvæði í landi Stafholtsveggja. Þéttbýlið og atvinnusvæði á Varmalandi eru að miklu leyti byggð úr landi Stafholtsveggja í öndverðu. Land Stafholtsveggja sem liggur að Varmalandi og Laugalandi er verðmætt framtíðarbyggingaland fyrir Varmaland. Háspennulína sem liggur nærri Varmalandi, eins og lagt er upp með í tillögu Landsnets hf. að Hallarmúlaleið, mun draga verulega úr framtíðarmöguleikum til uppbyggingar á Varmalandi. Meta þarf þau áhrif sérstaklega.
3. **Fiskveiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið meðfram Þverá, þar sem engin lína er fyrir, hefur áhrif á vilja fólks til að greiða fyrir stangveiði á svæðinu. Á Stafholtsveggjum II stendur yfir mikil uppbygging í ferðaþjónustu. Með nýju hóteli á staðnum opnast ýmis tækifæri til þess að veita ferðaþjónustutengda þjónustu. Er augljóst að verulegar framkvæmdir líkt og þær sem Landsnet hf. leggur upp með munu hafa neikvæð áhrif á stangveiði í Þverá og ferðaþjónustumöguleika á svæðinu. Þessi áhrif þarf að meta sérstaklega.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



Bergþór Jóhannesson, Stafholtsveggjum

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Lindarhvoli, Þverárhlið

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosts“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Lindarhvol í Þverárhlið í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttæðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að

um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitni Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða lín Valkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

- Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif línu um Hallarmúlaleið á fuglalíf á vötnum, tjörnum og votlendi á Grjóthálsi. Vötnin, tjarnir og votlendi eru uppeldissvæði fyrir unga ýmissa fuglategunda, t.d. bæði himbrima og álfra. Línuleið á þessu svæði mun koma sérstaklega illa niður á fuglum sem sækja í vötn, tjarnir og votlendi. Sérstök hættu er af áflugi á línur, ekki síst fugla eins og himbrima sem eru á valista. Ekki er ljóst af matsáætlun hvernig þessi áhrif verða metin en talning á fuglum með ákveðnu millibili nær ekki utan um þennan matsþátt.
- Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og vegalagningar á vatnsbúskap í vötnum á Hallarmúlaleið. Bæjarheitið Lindarhvoll var ekki mjög lýsandi fyrir vatnsauðgi jarðarinnar þegar á reyndi. Lindin dugði skammt þegar búið stækkaði. Bærinn á Lindarhvoli sækir ekki vatn í Grjóthálsinn heldur þangað sem heitir Öxl. Það er klettarni, eða mætti kalla það háls, sem gengur frá Grjóthálsi / Þverárhlíðarhálsi til suðausturs að Þverárhlíðarvegi. Frá Öxlinni liggur klettahryggur til suðvestur samsíða þjóðveginum nánast heim að bæ í Lindarhvoli. Öxlin er öll í Arnbjargarlækjarlandi. Þetta vatnsból frá Öxlinni hefur dugað til þessa og dugði til þess búskapar sem rekinn var í Lindarhvoli fram til 1990, en knaplega þó í langvarandi þurrkatíð. Kæmi til einhverrar starfsemi í Lindarhvoli í framtíðinni sem krefðist mikils vatns má búast við að bæta þyrfti úr vatnsbólsmálum jarðarinnar. Nærtækast væri þá að leita undir Grjóthálsinn og mjög líklega þar sem raflínan myndi liggja upp á sjálfan hálsinn en það hefur ekki verið skoðað sérstaklega. Vatnsbúskapur Grjóthálsins / Þverárhlíðarhálsins er mjög viðkvæmur a.m.k. víða á hálsinum, mögulega vegna þess hversu sprunginn og mulinn hann er. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að neikvæð áhrif á vatnsbúskap í Grjóthálsinum.
- Vatnasvæði:** Ekki er ljóst af matsáætlun hvernig meta eigi áhrif á lífríki í og við vötn á Grjóthálsi. Meta þarf sérstaklega hver áhrif lína og mastra á lífríki og umhverfi vatnasvæðis á Grjóthálsi. Þá þarf að liggja skýrt fyrir að framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru svo nálægt stöðuvötnum, standist viðeigandi lög og reglur.
- Jarðmyndanir:** Vísað er til athugasemda Marenar Davíðsdóttur dags. 9. október 2023 en í þeirri umsögn um Hallarmúlaleið eru færð sannfærandi rök fyrir því að Hallarmúli sé innan Ljósufjallakerfisins og njóti því verndar 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ber að meta áhrif framkvæmdanna sérstaklega að þessu leyti. Hallarmúlaeldstöðin er ein af þremur megin eldstöðvum í þessu kerfi sem nær vestur á Snæfellsnes. Hallarmúlaeldstöðin er ekki bara Hallarmúlinn einn og sér heldur allt svæðið suður fyrir Þverárhlíðarveg og etthvað til austurs. Í Lindarhvolandsi má vel greina ummerki eld- og/eða jarðhita þó allt þar sé orðið kalt fyrir löngu, eða hver veit?

5. **Lífriki og gróður:** Meta þarf sérstaklega áhrif línunnar á viðkvæman gróður á Hallarmúla og Grjóthálsi, bæði vegna mastra og ekki síður vegna línuvega sem eiga að fara um óraskað land. Umfangsmiklar framkvæmdir í fjalllendi á áberandi stað verða aldrei teknar aftur.
6. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Lindarhvals. Ásýnd línunnar þarf að meta sérstaklega, bæði frá bæjarhúsum á Lindarhvoli séð en einnig frá öðrum stöðum á jörðinni þar sem til greina kemur að byggja sumarhús eða önnur heilsárshús. Línan mun sjást um mjög langan veg séð frá Lindarhvoli og þarf að meta áhrif þess á jörðina í heild.
7. **Veiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið um Grjótháls og yfir stöðuvötn þar, þar sem engin lína er fyrir, hafi áhrif á vilja fólks til að stunda veiði á svæðinu og aðra afþreyingu. Þá þarf að meta áhrif línunnar á vilja fólks til að njóta ferðaþjónustu almennt á svæði sem hefur verið raskað með þeim hætti sem Landsnet hf. leggur til. Umfangsmiklar framkvæmdir í fjalllendi á áberandi stað verða aldrei teknar aftur.
8. **Sumarhúsabyggð, verðmæti lands og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á jörðina Lindarhvol í heild og einstaka hluta jarðarinnar. Viðbúið er að ásýnd jarðarinnar gerbreytist. Mikið og verðmætt land færi undir línu og helgunarsvæði línunnar en jörðin Lindarhvoll er einkar vel til þess fallin að þar verði útbúin sumarhúsabyggð eins og víðar í Þverárhlíðinni enda einstakt útsýni frá jörðinni yfir láglandi Borgarfjarðar. Lítt vilji yrði til búsetu eða fjárfestinga í sumarhúsum ef að sumarhúsabyggð væri nálægt háspennulínu.
9. **Að lokum:** Inn með Hallarmúlanum sunnanverðum (sa) er dalverpi sem afmarkast að sunnanverðu af klettaborgunum (heita Borgir) upp frá Lindarhvoli samsíða Þverárhlíðarveginum en lokast í endann (til austurs) af Öxlinn (sjá lið 2 að ofan). Þetta er ferningslaga svæði sem liggur talsvert hærra í landinu en það land sem neðar liggur og framræstu túnin eru. Svæðið er u.þ.b. einn km² mest flóasund á milli klapparholta, ill ræktanlegt og ógreiðfært og því aldrei komið til álita að raska því í þeim tilgangi en hluti svæðisins notað til beitara. Fyrir á tíð var þetta seljaland þegar fénaður var hafður í seljum. Einu mannvirkin þarna eru nauðsynlegar girðingar. Þótt megin hluti fyrirhugaðs línusvæðis sé Hallarmegin jarðamarka og muni lítt eða ekki sjást héðan af bæjarhlaðinu þá þarf maður ekki að fara nema stuttan spöl hér uppfyrir þá blasir þessi dalur við, víður og fallegur, heimur út af fyrir sig, dásemdin ein. Einnig tilsýndar af Þjóðveginum á Langamel fyrir framan Hjarðarholt þar sem Hallarmúlasvæðið utan frá Einifelli til Arnbjargarlækjar blasir allt við. Sem landeigandi hef ég sjálfur litlu að tapa af landi sem færi undir þetta línumannvirki sem slíkt en það yrði þarna í öllu sínu veldi og mun í raun klippa frá það litla sem tilheyrir Lindarhvoli í hálsinum sjálfum. Þá hættir þetta einnig að vera það óraskaða land sem það hefur verið. Í mínum huga er þetta svæði verðmætast af Lindarhvalsjörðinni og engar peningalegar bætur geta komið þess í stað. Ég veit bara ekki hvernig væri hægt að skipta á því og peningum. Þess vegna og af öllum öðrum mögulegum ástæðum leggst ég alfarið gegn þessari Hallarmúlaleið. Ég hef fullan stuðning konu minnar í því. Það væri mjög misráðið leggja í þá vegferð.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrir allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheidiarlínu 1. Þá

áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, reading "Jón Guðbj.", is written over a horizontal line.

Jón G. Guðbjörnsson, Lindarhvoli

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Höfða, Þverárhlið

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaðir landeigendur vísa til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosts“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaðir landeigendur eru meðal eigenda að jörðinni Höfða í Þverárhlið í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðra landeigenda er á Hallarmúlaleið.

Undirritaðir landeigendur vísar til bréfa landeigenda til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggjast landeigendur alfarið gegn lagninu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá er vísað til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að

um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Gerð er athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álit Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit“.

Undirrituðum landeigendum er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „stuttri greinargerð“ og veita síðan „umsögn“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörðinni Höfða en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Ennfremur eru gerðar athugasemdir við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „ákall“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „styrki“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „ákalli“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaðir landeigendur taka undir, gengur í berhögg við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaðir landeigendur telja að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „vinnustofum“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Fullt tilefni var fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat*“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuvalkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna

aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiðingu.

Valkost um hálandisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málf lutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálandið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálandisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálandisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálandið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málf lutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheiðarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheiðarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínnumynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínummynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínummynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínummynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggi ekki fyrir. Gera undirritaðir landeigendur athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörðinni Höfða

1. **Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif línu um Hallarmúlaleið á fuglalíf á vötnum, tjörnum og votlendi á Grjóthálsi. Vötnin, tjarnir og votlendi eru uppeldissvæði fyrir unga ýmissa fuglategunda, t.d. bæði himbrima og álfra. Línuleið á þessu svæði mun koma sérstaklega illa niður á fuglum sem sækja í vötn, tjarnir og votlendi. Sérstök hættu er af áflugi á línur, ekki síst fugla eins og himbrima sem eru á válista. Ekki er ljóst af matsáætlun hvernig þessi áhrif verða metin en talning á fuglum með ákveðnu millibili nær ekki utan um þennan matsþátt.
2. **Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og vegalagningar á vatnsbúskap í vötnum á Grjóthálsi. Bærinn á Höfða sækir vatn í Grjóthálsinn og má búast við að vatnsból jarðarinnar sé hluti af sama vatnasvæði og vötnin uppi á hálsinum. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap í Grjóthálsinum.
3. **Vatnasvæði:** Ekki er ljóst af matsáætlun hvernig meta eigi áhrif á lífríki í og við vötn á Grjóthálsi. Meta þarf sérstaklega áhrif lína og mastra á lífríki og umhverfi vatnasvæðis á Grjóthálsi. Þá þarf að liggja skýrt fyrir að framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru svo nálægt stöðuvötnum, standist viðeigandi lög og reglur.
4. **Menning og saga:** Meta verður áhrif línunnar á sögu jarðinnar, ekki síst í ljósi þeirra þjóðsagna sem tengist svæðinu. Gerð er athugasemd við að matsáætlun taki ekki til sögu og menningar umfram fornminjar.
5. **Lífríki og gróður:** Meta þarf sérstaklega áhrif línunnar á viðkvæman gróður á Grjóthálsi, bæði vegna mastra og ekki síður vegna línuvega sem eiga að fara um óraskað land.
6. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Höfða. Ásýnd línunnar þarf að meta sérstaklega, bæði frá bæjarhúsum á Höfða séð en einnig frá öðrum stöðum á jörðinni þar sem til greina kemur að byggja sumarhús eða önnur heilsárhús.
7. **Fiskveiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið um Grjótháls og yfir stöðuvötn þar, þar sem engin lína er fyrir, hafi áhrif á vilja fólks til að stunda veiði á svæðinu og aðra afþreyingu. Þá þarf að meta áhrif línunnar á vilja fólks til að njóta ferðapjónustu almennt á svæði sem hefur verið raskað með þeim hætti sem Landsnet hf. leggur til.
8. **Sumarhúsabyggð, verðmæti lands og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á jörðina Höfða í heild og einstaka hluta jarðarinnar. Viðbúið er að ásýnd jarðarinnar gerbreystist. Mikið og verðmætt land færi undir línu og helgunarsvæði línunnar en jörðin Höfði er einkar vel til þess fallin að þar verði útbúin sumarhúsabyggð eins og víðar í Þverárhliðinni. Þannig skiptast á kjarr og klapparholt með góðu útsýni yfir láglendi. Líttill vilji yrði til búsetu eða fjárfestinga í sumarhúsum ef að sumarhúsabyggð væri nálægt háspennulínu.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaðir landeigendur áskilja sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheidiarlínu 1. Þá

áskilja undirritaðir landeigendur sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheildarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,

Pórunn Bergþórsdóttir

Pórunn Bergþórsdóttir

Ingibjörg Bergþórsd.

Ingibjörg Bergþórsdóttir

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Stafholtsveggjum 2, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hf. hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi er eigandi jarðarinnar Stafholtsveggja 2 í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur er hún á hinni svokölluðu Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land

í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruuminjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitu Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit*“.

Undirrituðum landeigendum er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en á jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaðir landeigendur taka undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður landeigandi að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuleið yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda


- Uppbygging ferðaþjónustu:** Undirritaður landeigandi stendur fyrir mikilli uppbyggingu á Stafholtsveggjum 2 og festi kaup á jörðinni í trausti þess að ekki yrði farið í framkvæmdir og skipulagsbreytingar sem gengju í berhögg við það skipulag sem þegar hefur verið samþykkt á jörðinni, sbr. breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna Stafholtsveggja 2 og deiliskipulag þar að lútandi. Með nýju hóteli á staðnum opnast ýmis tækifæri til þess að veita ferðaþjónustutengda þjónustu, bæði nær og fjær. Er augljóst að verulegar framkvæmdir líkt og þær sem Landsnet hf. leggur upp með munu hafa neikvæð áhrif ferðaþjónustumöguleika á svæðinu og uppbyggingu á afþreyingarmöguleikum. Ímynd íslenskrar ferðaþjónustu er ímynd útivistar og ósnortinnar náttúru. Með meiriháttar framkvæmdum Landsnets hf. við vegalagningu, byggingu mastra og línulagningu er stoðunum kippt undan þessari ímynd. Ferðamenn koma ekki til Íslands til þess að horfa á háspennulínu út um hótelluggann hjá sér eða fara í göngutúr meðfram línuveginum. Undirritaður áskilur sér, sem fyrr, allan rétt í þessu samhengi, en leggur mikla áherslu á að áhrif á ferðaþjónustu verði metin í víðu samhengi, bæði í kringum Stafholtsveggi 2 en einnig á vinsælum svæðum í Norðurárdal. Þau áhrif eru öll verulega neikvæð og verður að skjalfesta skilmerkilega.
- Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Stafholtsveggja 2. Hús jarðarinnar standa tiltölulega hátt í landinu og er háspennulínan í öllu sjónsviði frá húsunum þegar horft er yfir land jarðarinnar og víðar. Áhrif þessa á jörðina, verðmæti hennar og lífsgæði þar þarf að meta sérstaklega. Þá eykur það enn á ásýnd línunnar ef að gera þarf leiðara sérstaklega auðkennanlega til að vega á móti áflugsáhættu í nálægð við fuglaverndunarsvæðin í Ferjubakkaflóa og Ystutungu (Sólheimatungu) svo sem lagt er til á bls. 3 í álit Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2022.
- Heilsársbyggð, sumarhúsbyggð og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á klapparholt og byggingarsvæði í landi Stafholtsveggja. Þéttbýlið og atvinnusvæði á Varmalandi eru að miklu leyti byggð úr landi Stafholtsveggja í öndverðu. Land Stafholtsveggja 2 sem liggur að Varmalandi og Laugalandi er verðmætt framtíðarbyggingaland fyrir Varmaland. Háspennulína sem liggur nærri Varmalandi, eins og lagt er upp með í tillögu Landsnets hf. að Hallarmúlaleið, mun draga verulega úr framtíðarmöguleikum til uppbyggingar á Varmalandi. Meta þarf þau áhrif sérstaklega. Þá er háspennulínan til þess fallin að draga úr eða eyðileggja möguleika á frekari fasteignaþróun tengdri hótellrekstri, sbr. ofangreint.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,

f.h. Heildi ehf.

A handwritten signature in blue ink, consisting of stylized, overlapping loops and lines, positioned above a horizontal line.

Sveinn Ragnarsson

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Glitstöðum, 18. október 2023

Matsáætlun Landsnets hf. vegna Hallarmúlaleiðar, dagsett þann 23. ágúst 2023.

Þann 18. september sl. var opnað fyrir athugasemdir af hálfu Skipulagsstofnunar vegna nýs valkostar Landsnets hf. við framkvæmd svokallaðrar Holtavörðuheidiarlínu 1. Ber hinn nýi valkostur nafnið „Hallarmúlaleið“.

Eins og ráða má af korti sem sett er fram á bls. 8 í matsáætluninni, þá virðist sem að línuleið Hallarmúlaleiðar fari að mestu leyti um lítið raskað eða ósnortið land.

Gengt veiðihúsi Veiðifélags Norðurár á Rjúpnáasi er Hallarmúlinn. Ekki verður betur séð en að fyrirhugað línustæði komi til með að blasa við úr gluggum á borðstofu, stofum, móttökusal og svefnherbergjum. Gluggum sem eru stórir til að gestir geti notið fallegs ósnortins útsýnis.

Línan verður einnig áberandi í landslaginu og sýnileg frá fjölmörgum veiðistöðum við ána.

Algjörlega er ljóst að fyrirhugað línustæði kemur til með að rýra verulega upplifun veiðimanna og/eða gesta í veiðihúsinu og við veiðar víða í Norðurá.

Skorað er á Landsnet hf. að endurskoða áætlanir sínar um Hallarmúlaleið.

Virðingarfyllt,

f.h. Veiðifélags Norðurár

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Fornistekkur, 18. október 2023

Efni: Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaðir landeigendur vísa til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaðir eru landeigendur jarðarinnar Fornastekks í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Fornistekkur er ekki á línuleið eldri byggðalínu né heldur á Hallarmúlaleið skv. fyrirbyggjandi gögnum um lagningu hennar. Hallarmúlaleið er hins vegar í sjónmáli frá jörðinni og við nýtum Hallarmúlann til útivistar. Þar höfum við m.a. fylgst með framförum í grónu landi og skógrækt á síðustu rúmri hálfri öld sem við höfum varir stundum í héraðinu og eigum nú búsetu. Hagsmunir okkar eru ekki jafn veigamiklir og þeirra landeigenda sem eiga jarðir á Hallarmúlaleið. Hins vegar látum við okkur málið varða til stuðnings sjónarmiðum nágranna okkar og vina. Jafnframt lýsum við áhyggjum af neikvæðum áhrifum framkvæmdanna, ef af þeim verða, á hag samfélagsins. Þar má m.a. nefna að hefðbundinn landbúnaður á undir högg að sækja á þessu svæði. Hefðbundinn búskapur hefur á síðustu árum verið aflagður á nokkrum jörðum og er ekki á þá þróun bætandi. Viljum við sérstaklega benda á að skv. áætlun um leið Hallarmúalínu skarar hún m.a. nýtingarland, þ.e. haga og tún sem eru beitt og heyjuð m.a. á Stafholtsveggjum í Stafholtstungum. Þessi áhrif eru það veigamikil að þau geta breytt forsendum hefðbundins búskapar á þessum og fleiri bæjum. Jafnframt lýsum við áhyggjum okkar af áhrifum áætlaðra framkvæmda á náttúru svæðisins s.s. gróður, fuglalíf og vatnalíf sem er ósnert og ríkulegt á Hallarmúlanum. Önnur áhrif t.d. á jarðmyndanir, rústir og vatnsból er líka umhugsunarefni svo og fjárhagsleg áhrif sem varða skipulag sumarhúsalóða, ásynd og verðmæti lands og möguleika til ferðaþjónustu á einstaklega fallegu svæði og að miklu leyti ósnertu.

Við viljum ítreka að við undirritaðir landeigendur leggjumst alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið. Jafnframt viljum við ítreka sjónarmið sem koma fram í athugasemdum landeigenda í Stafholtstungum, Þverárhlið og Norðurárdal m.a. í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvor tveggja dags. 15. júní 2023, svo og athugasemdum sem koma fram í bréfum þeirra til Skipulagsstofnunar: **Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.**

Virðingarfyllt,

Ásta Möller og Haukur Þór Hauksson, Fornastekk, Stafholtstungum, 311 Borgarbyggð.

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Höll, 17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Höll í Þverárhlíð í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagninu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvor tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Leið hinnar nýju línu liggur yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið er nýframkvæmd á því svæði sem hún fer um, enda færi línan að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð ef sá valkostur yrði fyrir valinu. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð. Fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til hags að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stað og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúru-minjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins alla virka daga. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álit Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatsskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „stuttri greinargerð“ og veita síðan „umsögn“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „ákall“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „styrki“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „ákalli“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhögg við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „vinnustofum“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplagg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 var að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat*“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuvalkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheidiarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheidiarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisveitingum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. Júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtenginu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidiarlínu 1 eins og hún er

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi úr Hrutafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leiti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið

þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

- **Vatnsból:** Fyrirhuguð línuleið mun fara yfir/mjög nálægt vatnsbólum á jörðinni. Línan mun fara beint yfir núverandi vatnsból á Höll og sumarbústaðarhverfisins Hallar. Eining mun háspennulínan standa verulega nálægt aðalvatnsbóli fyrir Garðyrkjustöðina á Laugarlandi þar sem framleiddur er um fjórðungur af gúrkum á Íslandi. Eins er línuleiðinn áætluð um framtíðarvatnstökustaði. Mjög mikilvægt er því að vernda góð vatnsból og framtíðarvatnstökustaði enda er gott ferskvatn gjarnan kallað bláa gullið. Hallarmúlasvæðið er að öllum líkindum besta vatnstökusvæðið fyrir stóran hluta Stafholtstungna en erfitt er með vatnstöku á morgun bæjum í Stafholtstungum þar sem land liggur lágt og borholur eru sumar ófullnægjandi.

Það er með öllu óásættanlegt að skipuleggja línuleið yfir/nálægt vatnsbólum vegna mengunarhættu, þar á meðal vegna Zink mengunar eins og raungerðist á Hellisheiði.³

- **Vegagerð:** Miðað við hvað Vegagerðin kallar fína tengivegi um sveitir landsins er með engu móti hægt að kalla línuvegina meðfram háspennulínunni „slóða“. Miðað við lýsingu þá skal vegurinn geta borið þungaumferð og verið um 4-6 metra breiðir. Sem sagt vegtegund D4 til C7 miðað við vegtegundalýsingu Vegagerðarinnar.⁴ Þar er einnig skilgreint slóði og það á ekki við um uppbyggða vegi fyrir þungaumferð.

Þar sem Landsnet fer fram á að línuvegirnir séu alltaf aðgengilegir fyrir þá er ekki hægt að koma í veg fyrir óæskilega umferð sem fer ekki saman við búrekstur. Ef að Landsnet gerir ráð fyrir girðingum meðfram línuvegum, þá þarf að meta áhrif girðingar á landnýtingu.

Hér áður fyrr var hægt að reisa línur án þess að fara í stórkostlega vegagerð. Í öðrum löndum er háspennulínur ekkert endilega með vegi. Meðfylgjandi mynd 1 er frá Póllandi þar sem enginn línuvegur né plön eru í kringum háspennulínur. Þegar ferðast er um Pólland er áberandi að ekki eru plön við háspennumöstrin né vegir meðfram háspennulínum. Aftur á móti eru skógargöng mjög áberandi þar.

³ Frumrannsóknir á gróðurskemmdum við háspennumöstur á suðvesturlandi. Júlí 2007
<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/536/Vi%C3%B0auki%20%20-%20Frumranns%C3%B3knir%20%C3%A1%20gr%C3%B3%C3%B0urskemmdum.pdf>

⁴ <https://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegtegundir/>



Mynd 1 220kV háspennulína í gegnum skóg norður af Częstochowa Póllandi.

- **Fuglar:** Um Hallarskarð er mikið flug gæsa og álfta á vorin og haustin. Rannsaka þarf hvort línan muni hafa áhrif á fuglanna og þá rekstraröryggi línunnar. Í flóunum er í dag kjörlendi fyrir smáfugla. Það þarf því að rannsaka hvaða áhrif línan hefur á skilyrði þeirra ef kæmi til línunnar og þeirrar stórkostlegu vegagerðar sem yrði samhliða hennar.
- **Skriðuhætta:** Fallið hefur skriða úr Hallarmúlanum suðvestanverðum. Rannsaka þarf hvort jarðlög gætu runnið af stað í framtíðinni yfir fyrirhugaða háspennulínu. Eins spurning hvort stórfelld vegagerð í hlíðum geti aukið hættuna á skriðuföllum.
- **Hljóðvist:** Rannsaka þarf hversu langt frá línunni suð mun heyrast. Frá háspennulínum á hærri spennu er mikið suð. Hversu mikið mun það heyrast t.d. í sumarbústaðarhverfinu á Höll, sem línuleiðin er áætluð allt of nálægt?
- **Gróður:** Háspennulínan og vegagerðin er fyrirhuguð um svæði sem hafa verið síðustu 25 – 30 ár í uppgræðslu. Að hluta í verkefninu „Bændur græða landið“. Ekkert er í matsáætlun um vernd slíkra uppgræðslusvæða eða mótvægisaðgerðir.
- **Jarðmyndanir:** Finna má margar mismunandi bergtegundir í Hallarmúlanum. Það er ein af ástæðunum fyrir sérstakri ásýnd. Bergið er í nokkrum litum. Áberandi eru hvítu melarnir. Þá eru rauðlitaður sandsteinn að finna á nokkrum stöðum. Rannsaka þarf jarðgerðir í Hallarmúlanum.
- **Fornleifar / saga:** Gera þarf greiningu hvort það séu fleiri fornleifar en skráðar eru í opinberum gögnum á línuleiðinni. Vitað er um gamlan stekk í línusvæðinu fyrir utan Hallarskarð. Eins eru gamlar mógrafir fyrir neðan Hvítu melana. Mógrafir eru vistsvæði á undanhaldi í íslenskri náttúru og þarf að vernda sérstaklega sem slíkar.

- **Ásýnd:** Fyrirhuguð háspennulínan um Hallarland er sjáanlegt um stóran hluta Borgarfjarðar. Enda Hallarmúlinn með sérstaka ásýnd sem tekið er eftir. Hvítu melarnir standa út úr landslaginu sem fanga athyglina. Á mynd 2 sést ágætlega hvernig ásýnd Hallarmúlans hefur ásamt því er búið að teikna inn sirka fyrirhugaða línuleið svo hægt sé að sjá sjónrænt hversu umtalsverð breyting háspennulínan mun hafa í för með sér. Ásýnd frá bæjarhúsum á Höll mun ennfremur gerbreytast. Þannig má búast við að línan verði í sjónlínu í um 270° þegar horft er frá bænum á Höll. Með öðrum orðum þá verða íbúar og gestir á Höll nær alltaf með línuna fyrir augum.



Mynd 2 - Bæjarstæðið Höll með Hallarmúlan í bakgrunni. Búið er að teikna inn ca. legu línunar.

Þegar keyrt er norður þjóðveginn undir Hafnarfjalli blasir Hallarmúlinn við beint af augum. Myndi fyrirhuguð lína breyta þeirri ásýnd mikið.



Mynd 3 Hallarmúlinn er beint af augum undir Hafnarfjalli (svört lína).

- **Landbúnaður:** Samkvæmt drögum að nýju aðalskipulagi Borgarbyggðar stendur til að flokka land eftir ræktunarmöguleikum. Mun hugmynd að línuleið fara fyrir flóa sem eru mögulegir fyrir framtíðarræktun. Samkvæmt þeim drögum skal forðast að byggja mannvirki yfir land með möguleikum á matvælaframleiðslu. Rannsaka þarf áhrif línunnar á bústofna. Hestar hafa tilhneingingu til að forðast rafsvið. Þegar verið er á hestbaki eiga hestar til að snarstoppa þegar komið er nálægt hangandi línunum (gamla sveitalínan 19kV) og jarðstrengum. Því er spurning hvort hestar og þá önnur dýr munu halda sig frá fyrirhugaðri línu? Slíkt myndi rýra beitarnandið stórkostlega.
- **Sumarbúastaðarland:** Háspennulínan er fyrirhuguð allt of nálægt núverandi sumarbústaðarlandi. Gefur það auga leið að enginn mun sækja í að vera með sumarbústað svona nálægt háspennulínu. Mun verðgildi sumarbústaðarlandsins hrynja ef þessar fyrirætlanir verða að veruleika. Eins eru gríðarlegir möguleikar á sumarbústaðarlandi víða um jörðina vegna þess mikla og einstaka útsýnis sem er í boði. Verði af línunni er hægt að jarða þær framtíðarhugmyndir.
- **Námur:** Áætlað er að lína fari yfir meli með ágætis malarefni. Mun væntanleg háspennulína koma í veg fyrir framtíðarnámugróft og efnistöku? Að slíkt er ekkert vikið í matsáætlun.
- **Skógrækt:** Möguleiki á framtíðarskógrækt eru verulega skertir ef fyrirhuguð lína verður að veruleika.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,

Grétar Þór Reynisson.

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Laxfossi, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaðir landeigendur vísa til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hf. hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaðir landeigendur eiga jarðirnar Einifell og Laxfoss í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jarðir undirritaðra landeigenda eru ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur liggja þær nærri Hallarmúlaleið.

Undirritaðir landeigendur vísa til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggjast undirritaðir landeigendur alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísa undirritaðir landeigendur til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land

í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruuminjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaðir landeigendur gera athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álit Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit*“.

Undirrituðum landeigendum er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörðum undirritaðra landeigenda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaðir landeigendur gera ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarfærlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaðir landeigendur taka undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaðir landeigendur telja að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telja undirritaðir landeigendur að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag.*

Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat¹. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða lín Valkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheidiarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheidiarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheidiarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimeil er hinn augljósi

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheiðarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheiðarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „erfitt landslag“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheiðarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheiðarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggi ekki fyrir. Gera undirritaðir landeigendur athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörðum undirritaðra landeigenda

1. **Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og vegalagningar á vatnsbúskap í Hallarmúla. Bærinn á Einifelli sækir vatn í hlíðar Hallarmúlans. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap í Hallarmúla og þarf að meta áhrifs þess sérstaklega. Aðgangur að hreinu köldu vatni er grundvöllur fyrir allri byggð og búskap á jörðunum, hvaða nafni sem nefnist, sem og skipulagningu sumarhúsabyggðar sem er vel á veg komin á Einifelli.
2. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun blasa við bæði frá bæjarhúsum á Einifelli og Laxfossi. Ásýnd línunnar þarf að meta sérstaklega á báðum jörðum, sérstaklega frá bæjarhúsum séð en einnig frá öðrum stöðum á jörðunum þar sem til greina kemur að byggja sumarhús eða heilsárshús. Línan mun sjást um mjög langan veg séð frá báðum jörðum og þarf að meta áhrif þess á jarðirnar í heild.
3. **Veiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif lína um Hallarmúlaleið hafi áhrif á vilja fólks til að stunda veiði á svæðinu og aðra afþreyingu. Bæði Einifell og Laxfoss eru meðal bestu og fegurstu veiðijarða við Norðurá en veiðimenn sækja ekki síst í hina ósnortnu og mikilfenglegu náttúru sem svæðið hefur upp á bjóða. Háspennulínan, þar sem hún myndi liggja um land Hallar, blasir við frá veiðihúsi Norðurár og gnæfir yfir veiðisvæðinu. Ótvírætt er að háspennulínan mun breyta ásýnd svæðisins til hins verra með tilheyrandi neikvæðum áhrifum sem þarf að meta sérstaklega í umhverfismati.

Þá þarf að meta áhrif línunnar á vilja fólks til að njóta ferðapjónustu almennt á svæði sem hefur verið raskað með þeim hætti sem Landsnet hf. leggur til. Umfangsmiklar framkvæmdir í fjallendi á áberandi stað verða aldrei teknar aftur. Efri hluta Stafholtstungna og Norðurárdalur eru þegar mikið útivistarsvæði sem er eftirsótt af sumarhúsaeigendum og ferðamönnum til útiveru. Háspennulínur munu gerbreyta aðdráttaraflí svæðisins til hins verra.

Á Laxfossi er rekin gistiþjónusta í Gamla Veiðihúsinu við Laxfoss sem upphaflega var byggt 1907. Þaðan er útsýni mikilfenglegt yfir fossinn að Hallarmúla og Eggjar til Hjarðarholts úr stofu, borðstofu, saunatunnu auk útisvæða. Ljóst er að aðdráttarafl staðarins mun minnka ef að háspennulína trónir yfir útsýni frá húsum á Laxfossi. Undirritaðir landeigendur hafa lagt mikla áherslu á náttúruvernd og aðgengi gesta að ósnortinni náttúru. Mikið skarð verður höggvið í þá upplifun sem og tekjumöguleika af gistirekstri fyrir vikið. Meta þarf áhrif línunnar á gistirekstur almennt í Stafholtstungum og Norðurárdal.

4. **Sumarhúsabyggð, verðmæti lands og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á jarðirnar Einifell og Laxfoss í heild og einstaka hluta jarðarinnar. Enn er ekki fyllilega ljóst hvar línan mun liggja en báðar jarðir eru er einkar vel til þess fallnar að þar verði útbúin sumarhúsabyggð eins og víðar í Stafholtstungum og Norðurárdal enda mikið útsýni frá jörðunum og þær í einstöku umhverfi, hvor á sinn hátt. Á Einifelli hafa þegar verið deiliskipulagðar sumarhúsalóðir. Fyrstu 10 lóðirnar voru skipulagðar 2003 og önnur 4 svæði ætluð undir sumarhúsabyggð. Lítil vilji er til búsetu eða fjárfestinga í sumarhúsum ef að sumarhúsabyggð er nálægt háspennulínu. Verður að meta þessi miklu neikvæðu áhrif á sumarhúsabyggð á Einifelli sérstaklega. Þótt endanlegt línustæði liggi ekki endilega innan merkja Einifells, þá kann helgunarsvæði línunnar að fara inn á land jarðarinnar og í öllu falli vera í mikilli nálægð við Einifell. Hlöðunni á Einifelli er verið að breyta í vinnustofu til listsköpunar og verður stór gluggi settur þar sem hlöðudyrnar voru. Þaðan er horft yfir til Eiríksjökuls, Langjökuls og Oksins en fyrirhugað línustæði í landi Hjarðarholts bæri í milli.
5. **Jarðmyndanir:** Vísað er til athugasemda Marenar Davíðsdóttur dags. 9. október 2023 en í þeirri umsögn um Hallarmúlaleið eru færð sannfærandi rök fyrir því að Hallarmúli sé innan Ljósufjallakerfisins og njóti því verndar 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ber að meta áhrif framkvæmdanna sérstaklega að þessu leyti.
6. **Lífriki og gróður:** Meta þarf sérstaklega áhrif línunnar á viðkvæman gróður á Hallarmúla og Grjóthálsi, bæði vegna mastra og ekki síður vegna línuvega sem eiga að fara um óraskað land. Hafarnir fljúga iðulega upp með Norðurá og tylla sér á klettasyllur í Hallarmúla sem er tignarleg sjón. Umfangsmiklar framkvæmdir í fjalllendi á áberandi stað verða aldrei teknar aftur.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaðir landeigendur áskilja sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilja undirritaðir landeigendur sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst,



Sigrún Ása Sturludóttir



Þór Gunnarsson

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Hamraendum, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosts“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Hamraenda í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttæðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að

um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitum Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirliggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirliggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuleið yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagningu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, m.a. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggji ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

1. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Hamraenda. Bæjarhús jarðarinnar standa hátt í landinu og er land jarðarinnar aflíðandi til austurs að Þverá og Hvítá. Háspennulínan verður alls staðar sjáanleg þegar litið er til Þverár og Hvítár enda línan ekki í nema 450 metra fjarlægð frá bænum. Áhrif þessa á jörðina og lífsgæði þar þarf að meta sérstaklega. Þá eykur það enn á ásýnd línunnar ef að gera þarf leiðara sérstaklega auðkennanlega til að vega á móti áflugsáhættu í nálægð við fuglaverndunarsvæðin í Ferjubakkaflóa og Ystutungu (Sólheimatungu) svo sem lagt er til á bls. 3 í álit Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2022.
2. **Fiskveiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið meðfram Hvítá og Þverá, þar sem engin lína er fyrir, hefur áhrif á vilja fólks til að greiða fyrir stangveiði á svæðinu. Veiðisvæðið Brennan er í landi jarðarinnar Hamraenda og byggir undirritaður landeigandi afkomu sína að miklu leyti á tekjum af veiðimönnum og þjónustu við þá. Brennan, sem er við vatnamót Þverár og Hvítár, er meðal gjöfulustu veiðistaða í Borgarfirði og þótt víðar væri leitað. Línuleið háspennulínu um Hallarmúlaleið virðist fara í gegnum land Hamraenda í aðeins um 450 metra fjarlægð frá Hvítá. Er augljóst að umfangsmiklar framkvæmdir, bæði við háspennulínu og með meiriháttar vegalagningu, munu hafa veruleg áhrif á upplifun veiðimanna sem leita ekki síst í ósnortna náttúru í Brennuni. Verður að meta hér sérstaklega þau íþyngjandi áhrif sem línuleið um Hamraenda hefur í þessu samhengi.
3. **Sumarhúsabyggð og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á klapparholt meðfram Hvítá og Þverá. Vísýnt er frá holtunum og þau ofan flóðahættu en viðbúið að ásýnd svæðisins gerbreystist. Mikið og verðmætt land sem færi undir línu og helgunarsvæði línunnar sem annars væri hægt að nýta til heilsárs- eða sumarhúsabyggðar. Umfangsmiklar framkvæmdir líkt og þær sem Landsnet hf. fyrirhugar eru óafturkræfar og þarf að meta slíkt sérstaklega þegar ósnortið land á í hlut.
4. **Vegalagning:** Undirritaður gerir sérstaklega athugasemdir við þær fyrirætlanir Landsnets hf. sem byggja á því að leggja línuveg um hlað eldra íbúðarhúss jarðarinnar. Vegalagning í kring um eldra íbúðarhús jarðarinnar raskar freklega eignarrétti undirritaðs landeiganda og er til þess fallið að hafa verulega neikvæð áhrif á lífsgæði íbúa á jörðinni sem myndu þurfa að þola mikinn ágang bæði á framkvæmdatíma og síðar. Slík vegalagning grefur undan möguleikum undirritaðs landeiganda til að ráðstafa og nýta eldra íbúðarhús jarðarinnar, sem og nærliggjandi útihús. Verður að meta sérstaklega þetta freklega inngríp í eignarrétt og athafnafrelsi undirritaðs landeiganda.

5. **Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif Hallarmúlaleiðar á fuglalíf og aðflug að mikilvægum fuglaverndunarsvæðum í Ferjubakkaflóa, Ystutungu (Sólheimatungu) og Andakíl, samanborið við samanburðarvalkost. Eins og þegar er rakið í bréfum landeigenda til Landsnets hf. vegna málsins, þá eru Ferjubakkafló og Ystatunga mun nær Hallarmúlaleið heldur en línuleið eldri byggðalínu sem er samanburðarvalkostur eða „núllvalkostur“ í skoðun á Hallarmúlaleið samkvæmt matsáætlun Landsnets hf.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst,



Magnús Magnússon, Hamraendum

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Melkoti, Stafholtstungum

17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður landeigandi vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hf. hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Melkot í Stafholtstungum í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að

um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álitni Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „*stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit*“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „*stuttri greinargerð*“ og veita síðan „*umsögn*“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „*ákall*“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „*styrki*“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirliggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „*ákalli*“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „*nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu*“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhöggi við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „*vinnustofum*“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirliggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram*

hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuvalkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun

Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.¹

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“.² Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.


Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri

¹ Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 (drög). Bls. 13 liður 2.4.7 og einlínmynd bls. 177, sbr. mynd í bréfi þessu.

² Kerfisáætlun Landsnets hf. 2023-2032. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku (drög). Bls. 61.

Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtengingu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheidarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframleiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framleiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframleiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheidarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheidarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið, t.d. „*erfitt landslag*“, voru raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrri röksemdir varðandi ókosti Hallarmúlaleiðar verði virtar og að fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október 2023 kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

- Uppbygging, sumarhúsabyggð og önnur þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á klapparholt meðfram Hvítá. Víðsýnt er frá holtunum og þau ofan flóðahættu en viðbúið að ásýnd svæðisins gerbreystist. Mikið og verðmætt land færi undir línu og helgunarsvæði línunnar. Land Melkots er að miklu leyti á flóðasvæði Hvítár og Norðurár, það er að segja nema klapparholtin meðfram Hvítá. Framtíðaruppbygging á jörðinni verður ekki nema á svæðinu ofan flóðahættu en háspennulína á svæðinu eyðileggur möguleika á uppbyggingu á sama svæði. Meta þarf sérstaklega þessi miklu og íþyngjandi áhrif á uppbyggingarmöguleika í Melkoti.
- Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif Hallarmúlaleiðar á fuglalíf og aðflug að mikilvægum fuglaverndunarsvæðum í Ferjubakkaflóa, Ystutungu (Sólheimatungu) og Andakíl, samanborið við samanburðarvalkost. Eins og þegar er rakið í bréfum landeigenda til Landsnets hf. vegna málsins, þá eru Ferjubakkaflóa og Ystatunga mun nær Hallarmúlaleið heldur en línuleið eldri byggðalínu sem er samanburðarvalkostur eða „núllvalkostur“ í skoðun á Hallarmúlaleið samkvæmt matsáætlun Landsnets hf. Sérstaklega þarf að meta áhrif háspennulínu á erni á svæðinu en þeir sjást reglulega beggja megin Norðurár.
- Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og línuvega á vatnsbúskap í Stafholtsfjalli. Jarðirnar Flóðatangi, Melkot og Svarfhóll, auk sumarhúsa og heilsárhúsa á jörðunum, sækja allar vatn í lindir í Stafholtsfjalli. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap Stafholtsfjalls.
- Flóðahætta:** Þau möstur sem standa næst Hvítá í landi Þingness, Melkots, Flóðatanga og Svarfhóls eru á flóðasvæði árinna þar sem hætta er á stórflóðum og jakaburði. Möstur línunnar verða ekki þjónustuð á þessu svæði í einhverja daga á hverju ári. Meta þarf áhrif flóðahættu á línuna.
- Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Melkots þar sem línan kemur yfir Hvítá áleiðis að Stafholtsfjalli. Þá eykur það enn á ásýnd línunnar ef að gera þarf leiðara sérstaklega auðkennanlega til að veiga á mótí áflugsáhættu í nálægð við fuglaverndunarsvæðin í Ferjubakkaflóa og Ystutungu (Sólheimatungu) svo sem lagt er til á bls. 3 í álit Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2022.
- Fiskveiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið meðfram Hvítá, þar sem engin lína er fyrir, hafi áhrif á vilja fólks til að greiða fyrir stangveiði á svæðinu.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllt,



Jósef Rafnsson, Melkoti



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Stykkishólmur, 13. október 2023
MÍ202310-0030/ 6.07 / M.A.S.

Efni: Skipulagsstofnun. Holtavörðuheiðarlína 1. Hallarmúlaleið, nýr valkostur til umhverfismats

Skipulagsstofnun óskaði, með tölvupósti 18. september 2023, eftir umsögn minjastofnunar Íslands um kynningu á matsáætlun vegna Holtavörðuheiðarlína 1, Hallarmúlaleið - Nýr valkostur, nr. 0619/2023.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Fram er komin nýr valkostur, vegna Holtavörðuheiðarlínu 1, sem fengið hefur heitið Hallarmúlaleið. Samanburður Hallarmúlaleiðar við aðra valkosti Holtavörðuheiðarlínu 1, sem byggja á sambærilegum gögnum og rannsóknum, mun leiða í ljós umhverfisáhrif leiðarinnar og þannig eyða óvissu sem annars stæði eftir.

Fjallað er um fornleifar í kafla 7.5 í matsáætlun. Eins og þar kemur fram er vitað um nokkrar friðlýstar fornleifar í nágrenni nýverandi háspennulínu í Borgarbyggð. Skipulögð fornleifaskráning hefur ekki verið gerð á fyrirhugaðri leið Hallarmúlaleið. Fornleifastofnun Íslands mun gera fornleifakönnun á vettvangi á áhrifasvæði Hallarmúlaleiðar. Fornleifar verða skráðar og kortlagðar. Könnunarsvæðið verður 300 m breitt (150 m sitt hvoru megin línunnar) og verða minjar í 0-50 m fjarlægð frá miðlínu háspennulínu skilgreindar í stórhættu og minjar 51-150 m frá miðlínu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fornleifar og aðrar menningarminjar verða einnig skráðar innan efnistökuastaða. Fornleifar og minjar á rannsóknarsvæðinu verða staðsettar/kortlagðar með gps mælingum.

Minjastofnun minnir á að í umhverfismatskýrslu þarf að sýna staðsetningu og útlínur fornleifa á korti/loftmynd ásamt legu línunnar, slóða, útlínum efnistökusvæða og staðsetningu tengivirkja og vinnubúða.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða*

breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

15. júní 2022 2205062/DG

Efni: Umsögn Borgarbyggðar vegna „Holtavörðuheiðarlína 1 – matsáætlun“.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 10. maí 2022 þar sem óskað er umsagnar Borgarbyggðar vegna matsáætlunar Landsnets vegna Holtavörðuheiðarlínu 1. Í erindinu kemur fram að í umsögninni þurfi að koma fram eftir því sem við á hvort Borgarbyggð hafa athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssvið þeirra og framkvæmdin er háð.

Í janúar 2022 sendi Borgarbyggð umsögn vegna valkostaskýrslu til Landsnets þar sem Borgarbyggð benti á þá þætti sem sveitarfélagið taldi að væru áriðandi að hefðir væru í huga við val á lagnaleið. Megininntak þeirrar umsagnar var að lögð væri áhersla á gott samráð við alla landeigendur þar sem möguleiki væri á að línan gengi yfir og einnig þá sem hugsanlega gætu orðið fyrir áhrifum s.s. vegna ásýndar og hljóðs. Áhersla væri lögð á verndun ræktanlegs lands og takmörkun á landnotkun lágmarkuð eins og mögulegt er. Hugað sé að gæðum byggðar, bæði í dreifbýli og í þéttbýli sem og í sumarhúsabyggðum. Borgarbyggð lagði einnig áherslu á og telur það mjög brýnt að eldri lína verði lögð niður, sameinuð nýrri línu eða lögð í jörð, eins og hægt sé til þess að lágmarka áhrif, sérstaklega með tilliti til samlegðaráhrifa.

Ósk um umsögn vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 var lögð fyrir skipulags- og byggingarnefnd þann 10. júní 2022 og fyrir umhverfis- og landbúnaðarnefnd þann 16. júní 2022.

Matsáætlunin tekur til þeirra þátta sem hugsanlega geta orðið fyrir áhrifum og mati á þeim áhrifum. Borgarbyggð telur brýnt að horft verði til samlegðaráhrifa ekki eingöngu í ásýnd heldur einnig í fleiri þáttum t.d. hvað varðar nýtingu lands þar sem helgunarsvæði raflína stækkar mikið ef um er að ræða tvær samliggjandi línur.

Í umfjöllun um heilsu telur Borgarbyggð að skoða þurfi áhrif tengivirkja sem staðsett eru í nálægð við mannabústaði á heilsu fólks, hvort sem um er að ræða ný tengivirki eða núverandi.

Í umfjöllun um aðalskipulag vill Borgarbyggð benda á að í kafla 4.5 Veitur í gildandi aðalskipulagi segir m.a. í umfjöllun um rafveitu:


- ✓ Stefnt skal að því að háspennulínum verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu; frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.
- ✓ Helgunarsvæði 132 kV háspennulína sé 35-45 m í heildina.
- ✓ Helgunarsvæði 220 kV háspennulína sé 65-85 m í heildina.
- ✓ Gæta þarf að sjónrænum áhrifum háspennulína og –mastra.
- ✓ Skógrækt sé ekki viðhöfð innan helgunarsvæða háspennulína.

Áætluð framkvæmd er því ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Borgarbyggðar.

Þau leyfi sem framkvæmdaraðili þarf að afla sér og eru á hendi sveitarfélagsins er framkvæmdaleyfi og stöðuleyfi en einnig er skipulagsvaldið á hendi sveitarfélagsins.

Borgarbyggð óskar eftir að fram komi upplýsingar um hversu mikið land er undir helgunarsvæði núverandi línu og hversu stórt helgunarsvæðið verður með nýrri línu og hvaða landgerðir falla þar undir.

Virðingarfyllst,



Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hamri, Þverárhlið
17. október 2023

Efni:

Holtavörðuheildarlína 1 - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023.

Almennt um málið

Undirritaður fh. landeigandi Hamars landnúmer 135401 vísar til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheildarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheildi. Fyrirhuguð Holtavörðuheildarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheildarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaður landeigandi á jörðina Hamar í Þverárhlið í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðs landeiganda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaður landeigandi vísar til bréfa landeigenda til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggst undirritaður landeigandi alfarið gegn lagninu Holtavörðuheildarlínu 1 um Hallarmúlaleið.

Þá vísar undirritaður landeigandi til margháttæðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvort tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Hinn „nýi valkostur“ gerir ráð fyrir nýrri línu yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheildi. Hallarmúlaleið færi að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð og yrði nýframkvæmd á því svæði sem hún færi um. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð auk nýrra vega, en fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að bæði Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stöðum og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá,

s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins á skólatíma. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaður landeigandi gerir athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álit Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirliggjandi álit“.

Undirrituðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „stuttri greinargerð“ og veita síðan „umsögn“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Undirritaður landeigandi gerir ennfremur athugasemd við forsendur matsáætlunar. Ein meginforsenda matsáætlunar Landsnets hf. virðist vera „ákall“ um skoðun og umhverfismat Hallarmúlaleiðar frá ótilgreindum aðilum. Þá virðist sem að það sé einnig forsenda Landsnets hf. að umhverfismat Hallarmúlaleiðar „styrki“ umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1, svo sem segir á bls. 4 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Hvort tveggja er illskiljanleg forsenda matsáætlunar. Sé á annað borð tekið mið af „ákalli“ frá þeim sem gera athugasemdir við matsáætlanir, þá ber að líta á bréf þetta sem ákall um að Landsnet hf. skoði aðra valkosti til samanburðar við Hallarmúlaleið, ekki síst línuleið yfir hálendið.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhögg við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaður landeigandi telur að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021. Landeigendur á Hallarmúlaleið voru ekki boðaðir á fundi og var ekki gefinn kostur á að koma að „vinnustofum“ Landsnets hf. með öðrum landeigendum.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur alltaf verið að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telur undirritaður að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat*“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuvalkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Valkost um hálendisleið vantar í matsáætlun


Í svörum Landsnets hf. dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið við kerfisáætlun 2023-2032 er gert lítið úr kröfu landeigenda um að línuleið yfir Kjöl verði skoðuð sem valkostur við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 og eftir atvikum umhverfismetinn sem slíkur. Eins og ráða má af fyrri bréfaskrifum landeigenda á Hallarmúlaleið er málflutningur Landsnets hf. á reiki í þessum málum og jafnvel mótsagnakenndur.

Valkostaskýrsla Landsnets hf. dags. 2. desember 2021 útilokar línuleið yfir Kjöl einkum af þremur ástæðum, þ.e. (a) línuleiðin er utan línugatna og mannvirkjabelta, (b) línuleiðin raskar ósnortnum svæðum en slíkt samræmist ekki stefnu stjórnvalda að sögn Landsnets hf. og (c) línuleiðin liggur fjarri Vatnshömrum og tengikerfinu á Vesturlandi. Er það einkum síðasta atriðið sem Landsnet hf. teflir nú fram sem rökum í svörum sínum dags. 8. september 2023 við athugasemdum landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 15. júní 2023 við kerfisáætlun. Hér er þess þó strax að geta að hvergi í áætlunum um Holtavörðuheiðarlínu 1 er gert ráð fyrir að tengja hina nýju línu inn á tengivirkið á Vatnshömrum.

Varðandi fyrri tvö atriðin, þá gildir það sama um Hallarmúlaleið og lagninu línu yfir Kjöl, þ.e. Hallarmúlaleið liggur að mestu um ósnortið land og er sannarlega utan mannvirkjabeltis. Eins og landeigendur rökstuddu ítarlega í nefndu bréfi sínu dags. 15. júní 2023 þá er ekki hald í tilvísun Landsnets hf. til þingsályktunar 26/148 um bann við lagningu háspennulína yfir hálendið. Gerir Landsnet hf. enda enga tilraun til þess að svara athugasemdum landeigenda þar að lútandi í svörum Landsnets hf. til Orkustofnunar dags. 8. september 2023. Þá er rétt að halda því til haga að Holtavörðuheiðarlína 1, samkvæmt tillögu Landsnets hf., er að hluta innan marka miðhálendisins og í drögum að kerfisáætlun er gert ráð fyrir því að háspennulínur verði lagðar innan hálendisins til þess að komast megi hjá verkefnum sem eru „þung í leyfisferlum“. Það virðist því algerlega háð hentugleika Landsnets hf. hverju sinni hvort að línur eigi að liggja um miðhálendið eða ekki og Landsnet hf. þannig í mótsögn við eigin málflutning. Vísast að öðru leyti til athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Landsnets dags. 15. júní 2023.

Varðandi þriðja atriðið, það er tengingu línuleiðar yfir Kjöl við flutningskerfið á Vesturlandi, þá telja landeigendur á Hallarmúlaleið að Landsnet hf. hafi á engan hátt útskýrt hvers vegna ekki sé hægt að tengja línuleið yfir Kjöl við flutningskerfið. Tenging við Sultartangalínu að Brennimmel er hinn augljósi kostur. Með spennuhækkun á Vatnshamralínu 2, Vegamótalínu 1 og Vogaskeiðslínu 1 ásamt nýrri Akraneslínu 2 og línu milli Stykkishólms og Glerárskóga væri komnar góðar 132kV hringtengingar. Borgarfjörðurinn yrði þannig fjórtengdur og Snæfellsnes og Dalirnir fengju hringtenginu, sem mun lengi hafa vantað. Þessar lausnir þarf hvort eða er að skoða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 eins og hún er lögð upp af Landsneti hf. Varðandi háleitar hugmyndir um vindorkuframléiðslu á Vesturlandi, þá eru þær enn á hugmyndastigi og alls óljóst hvert umfang slíkrar framléiðslu verður. Í öllu falli væri hægt að tengja vindorkuframléiðslu af Vesturlandi í Hrútafjörð og svo úr Hrútafirði eftir línuleið nýrrar Holtavörðuheiðarlínu 3 að Blöndu og þaðan yfir Kjöl. Allar línuleiðir, hvort sem það eru þær sem nefndar eru hér að ofan eða Holtavörðuheiðarlína 1, fela í sér kosti og galla. Áður tilgreindir gallar við Hallarmúlaleið „*erfitt landslag*“ raunar taldir það miklir, að leiðinni var hafnað af Landsneti hf. Ekki verður séð að þær forsendur höfnunar hafi breyst. Landeigendur á Hallarmúlaleið telja hins vegar sem fyrr segir að valkostagreiningu sé ábótavant og að fyrirætlanir Landsnets hf. séu að þessu leyti vanbúnar.

Einlínunmynd verkefnis



Mynd 3-67 : HH1 – einlínunmynd með Holtavörðuheidiarlínu

Mynd 3-67 sýnir einlínunmynd af svæðisflutningskerfinu á Norður- og Vesturlandi með Holtavörðuheidiarlínu 1 inni.

Ekkert um afstöðu landeigenda í matsáætlun

Samkvæmt reglugerð nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber að gera grein fyrir fjölda atriða í matsáætlun, m.a. afstöðu þeirra sem hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar, sbr. 4. tl. 11. gr. reglugerðarinnar.

Landsnet hf. lætur með öllu hjá líða að geta þess að landeigendur á Hallarmúlaleið hafa margítrekað mótmælt framkvæmdinni, t.d. á fundi 16. maí 2023 með Landsneti hf. og í bréfum til Landsnets hf. og Borgarbyggðar dags. 7. júní 2023. Mótmæli landeigenda og röksemdir eru því ákall um að fyrir röksemdir varðandi Hallarmúlaleið verði virtar og fallið verði frá hugmyndinni.

Fyrirliggjandi rannsóknir

Í matsáætlun Landsnets hf. er gert ráð fyrir að ýmsar rannsóknir muni fara fram, m.a. á fuglalífi, náttúruminum og fornleifum. Orðalag matsáætlunar ber með sér að slíkar skoðanir hafi ekki verið framkvæmdar og má því álykta sem svo að frekari rannsókna sé þörf. Á fundi með landeigendum þann. 3. október kom hins vegar fram af hálfu Landsnets hf. að vettvangsvinnu við umhverfisþætti væri lokið þrátt fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun liggja ekki fyrir. Gerir undirritaður landeigandi athugasemd við villandi framsetningu í matsáætlun að þessu leyti.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðs landeiganda

1. **Fuglalíf:** Meta þarf sérstaklega áhrif línu um Hallarmúlaleið á fuglalíf á vötnum á Grjóthálsi. Þá sérstaklega Fiskivatns og Skálavatn sem eru innan landamerkja Hamars. Vötnin eru uppeldissvæði fyrir unga ýmissa fuglategunda, t.d. bæði himbrima og álfta. Línuleið meðfram og yfir vötnin mun koma sérstaklega illa niður á fuglum sem sækja í vötnin. Ekki er ljóst af matsáætlun hvernig þessi áhrif verða metin en talning á fuglum með ákveðnu millibili nær ekki utan um þennan matsþátt.

2. **Vatnsból:** Meta þarf áhrif línumastra og vegslóða á vatnsbúskap í vötnum á Grjóthálsi. Bærinn á Hamri sækir vatn í Grjóthálsinn og má búast við að vatnsból jarðarinnar sé hluti af sama vatnasvæði og Fiskivatns uppi á hálsinum. Framræsla, vegagerð og stæði undir línumöstur eru allt framkvæmdir sem eru til þess fallnar að breyta vatnsbúskap í Grjóthálsinum. Svo og ekki sé minnst á Zink menngunar sem gætu stafað frá möstrum línana.

3. **Vatnasvæði:** Ekki er ljóst af matsáætlun hvernig meta eigi áhrif á lífríki í við vötn á Grjóthálsi. Meta þarf sérstaklega hver áhrif lína og mastra á lífríki og umhverfi vatnasvæðis á Grjóthálsi. Þá þarf að liggja skýrt fyrir að framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru svo nálægt stöðuvötnum, standist viðeigandi lög og reglur.

4. **Lífríki og gróður:** Meta þarf sérstaklega áhrif línunnar á viðkvæman gróður á Grjóthálsi, bæði vegna mastra og ekki síður vegna línuvega sem eiga að fara um óraskað land.

5. **Ásýnd:** Ásýnd línunnar mun verða mikil og mun hún sjást langt að í landi Hamars. Ásýnd línunnar þarf að meta sérstaklega, bæði frá bæjarhúsum á Hamri séð en einnig frá öðrum stöðum á jörðinni þar sem til greina kemur að byggja sumarhús eða önnur heilsárshús.

6. **Fiskveiði og afþreying:** Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif línuleið um Grjótháls og yfir stöðuvötn þar, þar sem engin lína er fyrir, hafi áhrif á vilja fólks til að stunda veiði á svæðinu og aðra afþreyingu. Þá þarf að meta áhrif línunnar á vilja fólks til að njóta ferðapjónustu almennt á svæði sem hefur verið raskað með þeim hætti sem Landsnet hf. leggur til.

7. **Sumarhúsabyggð, verðmæti lands og þróun fasteigna:** Meta þarf áhrif línustæðis á jörðina Hamar í heild og einstaka hluta jarðarinnar. Viðbúið er að ásýnd jarðarinnar gerbreytist. Mikið og verðmætt land færi undir línu og helgunarsvæði línunnar en jörðin Hamar er einkar vel til þess fallin að þar verði útbúin sumarhúsabyggð eins og víðar í Þverárhlíðinni. Þannig skiptast á kjarr og klapparholt með góðu útsýni yfir láglendi. Lítil vilji yrði til búsetu eða fjárfestinga í sumarhúsum ef að sumarhúsabyggð væri nálægt háspennulínu.

Áskilnaður

Andstaða við lagningu háspennulínu um Hallarmúlaleið er ítrekuð. Undirritaður landeigandi áskilur sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilur undirritaður landeigandi sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst,

Fh.Látún ehf.

Sigtryggur Páll Sigtryggsson

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Arnbjargarlækur 15. október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1: Nýr valkostur til umhverfismats - Athugasemdir vegna matsáætlunar Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023, auglýst til umsagnar 18.09.2023. Hallarmúlaleið

Almennt um málið

Undirritaðir landseigendur vísa til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaðir landseigendur eiga jörðina Arnbjargarlæk í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðra landseigenda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaðir landseigendur vísa til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. **Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggjast undirritaðir landseigendur alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.**

Þá vísa undirritaðir landseigendur til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvor tveggja dags. 15. júní 2023. Að lokum vísa undirritaðir landseigendur til eigin umsagnar um aðdraganda að matsáætlun dags. 15.10.2023.

Nánari greining á Hallarmúlaleið styður fyrri niðurstöðu Landsnets að Hallarmúlaleið sé ekki raunhæfur kostur

Í Matsáætlun sem lögð var fram til athugasemda þann 18. september 2023 (hér eftir kölluð Matsáætlun) er gerð grein fyrir fyrra mati Landsnets á Hallarmúlaleið. Þar kemur fram að fyrra mat Landsnets að „ekki væri raunhæft að meta leiðina sem valkost í Umhverfismatsskýrslu“ þá sérstaklega vegna „línutæknilegra forsendna“. Þrátt fyrir þetta ákvað Landsnet „eftir fund með landeigendum 12 desember 2022“, að skoða Hallarmúlaleið frekar í óþökk landeiganda við Hallarmúlaleið. Landeigendum, þar með talinn undirrituðum sem eiga jarðir að Hallarmúlaleið var ekki boðið á umræddan fund.

Í Matsáætlun auglýstri til athugasemda 18.09.2023 gerir Landsnet grein fyrir endurskoðun á Hallarmúlaleið í töflu 3.1. í Matsáætlun. Það vekur athygli að í ljósi fyrri niðurstöðu Landsnets að þau

atriði sem fyrr útilokuðu Hallarmúlaleið, það er „línutæknileg atriði“ eru enn til staðar. Línustæðið er enn erfitt með „flóknu landslagi klettahæða“, „engin lína er fyrir“ og búist er við „miklu veðurálagi á mun lengri kafla en ef núverandi byggðalínu er fylgt“ sem mun draga úr rekstraröryggi. Tafla 3.2. bls 6 í Matsáætlun styður þessa niðurstöðu þar sem verkkostnaður Hallarmúlalínu er metinn hærri en ef núverandi línu er fylgt þrátt fyrir að hún sé metin styttri. Að auki er bent á í töflu 3.2. bls 6 að veðurálag er meira á Hallarmúlaleið.

Hér er minnt á að leiðarljós stefnumörkunar stjórnvalda sem leggja á til grundvallar við „uppbyggingu dreifi- og flutningskerfis raforku“, og sem vitnað er til í Matsáætlun á bls 5 eru til dæmis: að kerfið eigi að vera öruggt og hagkvæmt, að „forðast röskun á ósnortnum svæðum“ og „nýta núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf“. Samkvæmt endurskoðun Landsnets á kostinum Hallarmúlaleið er leiðin ekki eins örugg og t.d. að fylgja línuleið eldri byggðalínu og dregur því Hallarmúlaleið úr orkuöryggi kerfisins, hún er óhagkvæmari m.a. þar sem hún kallar á umfangsmikla vegagerð, hún verður að miklum hluta byggð í ósnortnu fjalllendi (sjá mynd 1) og vegna staðsetningar verður sýnileg víða. Að auki er engin lína fyrir á Hallarmúlaleið m.a. á jörð undirritaðra né línuvegir sem hægt er að nýta til að reisa línuna né þjónusta hana.

Það verður því ekki séð af fyrirliggjandi gögnum sem birtast í auglýsingu að matsáætlun dags 18.09.2023 að Hallarmúlaleið hefði átt að vera lögð til sem raunhæfur valkostur.

Sérstakar athugasemdir varðandi matsþætti sem lúta að jörð undirritaðra landeigenda.

Umsögn fylgir að mestu uppsetningu Matsáætlunar.

Jarðmyndanir

Hallarmúlaleið mun liggja um fjalllendi þar sem ekki er lína né vegur fyrir. Mikilvægt er að gæta að áhrifum á heildir jarðmyndana jafnvel þó að jarðmyndanir séu ekki staðsettar innan náttúruverndarsvæða. Að auki er Hallarmúlaleið talin vera hluti af Ljósufjallakerfinu og er línan því líklega innan virka gosbeltis Snæfellsness (sjá umsögn Marenar Davíðsdóttur jarðfræðings um Matsáætlun **Holtavörðuheiðarlínu 1: Nýr valkostur til umhverfismats auglýst 18.09.2023**).

Engir línuvegir eru fyrir á Hallarmúlaleið (sjá mynd 1) og því er ljóst að efnistaka svo sem vegna vegslóða eykst auk aukins jarðrasks umfram aðra valkosti. Matsáætlunin bendir á þetta m.a. í samhengi hærri kostnaðar (tafla 3.2 bls 6), og er nauðsynlegt að leggja mat á þennan mun en ekki aðeins áhrif á jarðmyndanirnar sjálfar.

Gróður og fuglar

Samkvæmt Matsáætlun verða metin áhrif valkosta línuleiða, slóðagerða og efnistökusvæða á gróður og fugla. Bent er á í Matsáætlun bls 10 að Hallarmúlaleið fari „einkum um tún, bithaga og votlendi“.

Þvert á það sem fullyrt er í matsáætlun, fer Hallarmúlaleið einnig um fjallendi þar sem er fyrir viðkvæmt vistkerfi og í tilviki jarðar undirritaðra hefur verið verndað fyrir skipulögðum ágangi sauðfjár síðan 1996. Það er, hefur ekki verið nýtt af landeiganda sem bithagi síðan 1996. Undirritaðir hafa kappkostað gróðurvernd á breiðum grundvelli sem leitt hefur til aukinnar gróðurþekju sem með fyrirliggjandi aðgerðum verður rofin. Taka þarf til greina þá vernd sem átt hefur sér stað á jörð undirritaðra og áhrifa þess að rof mun verða á viðkvæmri gróðurþekju vegna framkvæmda. Að auki má gera ráð fyrir auðveldara aðgengi að svæðinu vegna lagningar línuvega sem er líklegt til að auka ágang. Meta þarf

áhrif þess á allt lífríki á jörð undirritaðra á áhrifasvæði framkvæmdar, þmt gróðurs og fugla í samhengi þess að jörðin hefur verið vernduð í um það bil 30 ár.

Það vekur athygli í umfjöllun um áhrif á fugla að vísað er í algengar fuglategundir, svo sem heiðlóu, jaðrakan og þúfuttling (Matsskýrsla bls 11). Fyrirhugað línustæði á jörð undirritaðra er á landsvæði þar sem eftirtaldar fuglategundir, sem eru á válistum, sjást oft, og sumar hverjar hafa þar varpstöðvar. Fuglategundirnar eru: Himbrimi (vulnerable bæði á íslenskum og erlendum válistum) en hann verpir við eitt vatnanna sem fyrirhuguð línulögn liggur við, Hrafn (vulnerable á íslenskum válista), Kjói (endangered á íslenskum válista), Tjaldur (vulnerable á íslenskum válista) og Rjúpa (near threatened á íslenskum válista). Mikilvægt er að meta áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum að minnsta kosti á þessar fuglategundir.

Vatnalíf

Línulögn á Hallarmúlaleið mun þræða mjög nálægt þremur vötnum á jörð undirritaðra, Hólmavatns, Mjóavatns og Skálavatns (sjá mynd 1 þar sem Mjóavatn og Skálavatn sjást vel). Samkvæmt Matsáætlun (bls 10) gæti framkvæmd haft óbein áhrif, svo sem áhrif á vatnsflæði og valdið staðbundinni mengun svo sem við veðrun á Háspennumöstrum sem haft getur neikvæð áhrif.

Telja verður líklegt að lína á Hallarmúlaleið, línuvegir og framkvæmdir vegna þeirra muni hafa umtalsverð áhrif á vötnin þrjú, og þau vatna- og gróðurvistkerfi sem tengjast þeim.

Því er mikilvægt að ekki aðeins verði metin áhrif á fiskistofna sem nýttir eru eins og ýjað er að í matsáætlun sbr þá mælikvarða sem vísað er í (t.d. veiðitölur, sjá bls 13 í Matsáætlun), heldur einnig áhrif á lífríki vatnanna í heild sem ekki hafa verið hagnýtt með sölu veiðileyfa.

Vatnsból

Samkvæmt Matsáætlun (bls 10) gæti framkvæmd haft áhrif á vatnsflæði og staðbundna mengun. Þó svo að ekki séu sérstaklega tiltekna líkur á mengun vatnsbóla í Matsáætlun verður að teljast mögulegt að slík gæti gerst.

Vatnsból sem nýtt eru á landi undirritaðra eru kaldavatnslindir sem líklega fá ferskvatn frá umræddu framkvæmdasvæði og eru þau vatnsból nýtt er bæði fyrir sumarhúsabyggð og ábúendur. Vatnið hefur verið metið af afar háum gæðum hvað varðar hreinleika og heilnæmi af fyrirtækinu ProMat. Mengunarslys myndi hafa afdrifaríkar og kostnaðarsamar afleiðingar fyrir aðgengi að fersku vatni.

Meta þarf áhrif Hallarmúlaleiðar á ferskvatnsforða og núverandi vatnsból jarðarinnar Arnbjargarlækjar auk mögulegra annarra valkosta ef til mengunarslyss kæmi.

Fornleifar

Samkvæmt Matsáætlun bls 13 liggur fyrir samkvæmt Aðalskipulagi Borgarbyggðar að á Arnbjargarlæk, landi undirritaðra, eru að minnsta kosti tvær: hin svokallaða Brennistaðarúst og Eldgrímsstaðir¹. Að auki eru aðrar fornar rústaleifar sem ekki hafa verið rannsakaðar.

¹ <https://timarit.is/page/2047417#page/n9/mode/2up>
<https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>

Ráðast þarf í greiningar á fornleifum á svæðinu áður en til framkvæmda kemur.

Ásýnd og landslag

Í Matsáætlun segir á bls 14: „Á Hallarmúlaleið er ræktað landbúnaðarland með bæjum og sumarhúsum“. Óhjákvæmilegt er að gera athugasemd við þessa lýsingu þar sem hluti Hallarmúlaleiðar fer um ósnortið fjallendi, með grónum hlíðum þar sem engin lína né vegir eru fyrir. Á þetta við um land undirritaðra en landsvæðið hefur verið friðað ágangi síðan 1996. Röskun á viðkomandi landssvæði gengur í berhögg við eitt leiðarljósa stjórnvalda við uppbyggingu lína, það er „að forðast röskun á ósnortnum svæðum“ sbr Matsáætlun bls 5.

Samkvæmt Matsáætlun virðast sjónræn áhrif einungis vera metin með tilliti til þeirra staða sem „helst eru viðkvæmir fyrir sjónrænum áhrifum, t.d. dvalarstaði fólks, útsýnisstaði og áningarstaði við fjölfarna vegi“. Leggja á til grundvallar matsins t.d. fjölda mannbústaða, fjölda útsýnisstaða (það er fjöldaferðamennslu), og samlegðaráhrif. Afar mikilvægt er að ráðast í slíkar greiningar, en þó verður að telja sérstakt að fjöldi mannbústaða skipti máli í þessu samhengi þar slíkir mælikvarðar gefa í skyn að breytingar á ásýnd lands fjarri mörgum mannbústöðum skipti litlu.

Að auki við þær greiningar sem ráðst á í og minnst er á í Matsáætlun þarf einnig að meta sjónræn áhrif í umhverfi sem engin mannvirki eru fyrir og áhrifum uppbyggingar á ásýnd og upplifun slíkra svæða. Það gefur auga leið að röskun í óröskuðu fjallendi verður veruleg.

Land undirritaðra sem Hallarmúlaleið hefur áhrif á telst til háheiða og mun fyrirhuguð línulögn hafa áhrif á landslag og landslagsheildir innan áhrifasvæðisins (sjá Mynd 1) og sjást víða að. Vötnin tvö lengst til vinstri á myndinni eru vötn á landi undirritaðra en línan á að liggja ofaná öllu fjallendinu sem sést á myndinni. Mynd 1 sýnir samfellu svæðisins en fyrirhuguð lína mun fara meðfram vatninu sem er fyrir miðju myndar og síðan fara á milli þess vatns og þess sem er lengst til vinstri á myndinni.



Mynd 1. Grjótháls, horft yfir til Norðurárdals frá Þverárhlið

Það land sem fyrirhugað er fyrir línulögn hefur verið verndað fyrir uppbyggingu og ágangi í langan tíma og myndar eina landslagsheild. Háspennulína og línuvegir munu rjúfa þessa heild, rjúfa landslagsheildir og breyta ásýnd og landslagi svæðisins til framtíðar.

Þessi áhrif þarf að meta og setja m.a. í samhengi við leiðarljós stjórnvalda.

Ferðaþjónusta og útivist

Á jörð undirritaðra landeigenda hefur þegar verið samþykkt deiliskipulag fyrir 23 sumarhúsaloðir og í heild tekið frá 65 hektara svæði þar sem áætlað er að verði um 100 lóðir fyrir sumarbústaði. Skerðir fyrirhuguð Hallarmúlaleið útivistarsvæði þeirra sem hafa nú þegar og munu fjárfesta þar sem og annarra sem njóta vilja friðaðra gróinna heiða og heiðarvatna, kyrrðar og fuglalífs. Línan einnig sker vinsæla göngu- og útsýnisleið milli Þverárhlíðar og Norðurárdals, sem liggur frá Þverárhlíð milli Skála- og Mjóavatns í landi Undirritaðra og liggur niður í Norðurárdal meðfram Svartagili (sjá Mynd 1). Fyrirhugað línustæði uppvið vötnin þrjú á landi undirritaðra að auki spillir möguleikum til útivistar, ss göngu og veiða í friðuðu og óspilltu landi. **Því er ekki einungis um sjónræn áhrif að ræða með neikvæðum áhrifum á fjöldaferðamennsku, verðmætu óspilltu landsvæði verður spillt, hljóðvist mun breytast og öll ásýnd og upplifun á svæðinu kollvarpast.**

Í Matsáætlun bls 17, miðað við þau fyrirliggjandi gögn sem vísað er í sem og fyrirhuguð viðtöl rannsóknaraðila við ferðaþjónustuaðila og ferðamenn á svæðinu virðist aðeins eiga að meta áhrif á skipulagða fjöldaferðamennsku og það sem gætu kallast vinsælir áningarstaðir fjöldaferðamennsku.

Algert skeytingarleysi virðist ríkja í Matsáætlun í garð þeirra svæða sem vernduð hafa verið fyrir ágangi og uppbyggingu og eru ekki á kortum eða í áætlunum núverandi formlegra ferðaþjónustuaðila. Virði verndaðra og óuppbyggðra svæða er mikið, bæði fyrir annars konar ferðamennsku en fjöldaferðamennsku, útivist og margskonar heilsurækt. Matsáætlunin gerir ekki ráð fyrir að lagt sé mat á áhrif á slík svæði, þrátt fyrir að leiðarljós stjórnvalda sé að „forðast röskun á ósnortnum svæðum“. Hlýtur þetta að vera yfirsjón matsaðila. Einungis virðist eiga að leggja til grundvallar gögn sem tengjast fjöldaferðamennsku.

Leggja þarf að auki mat á mikilvægi og virði þess að halda landi undirritaðra ósnortnu auk mikilvægis fyrir núverandi og fyrirhugaðrar sumarhúsabyggðar Arnbjargarlækjar. Ljóst er að virði ósnortins lands er mikið og virði þess einungis aukast til framtíðar.

Landbúnaður og skógrækt

Við mat á mikilvægi lands mtt landbúnaðar og skógræktar sbr Matsáætlun bls 18, á að gera grein fyrir áhrifum á landbúnaðar- og skógræktarland. Sá hluti jarðar undirritaðra sem verður fyrir áhrifum Hallarmúlalínu var verndaður fyrir hefðbundnum búrekstri árið 1996. Færa má rök fyrir því að áhrif á verndað og óspillt land séu sýnu meiri en áhrif á hefðbundið landbúnaðarland. **Óspillt land verður aldrei óspillt aftur á meðan spjöllum á ræktuðu landi er oftast hægt að snúa til fyrra horfs.**

Mikilvægt er að virðisrýrnun friðaðs lands sé metin að fullu, og ekki aðeins einblínt á virðisrýrnun hefðbundins landbúnaðarlands.

Heilsa

Línuleið sem fer um eignarland undirritaðra er nokkuð fjarri bæði íbúðarhúsnæði og sumarhúsabyggð. Í Matsáætlun er gert ráð fyrir greiningu á hljóðvist og áhrifum raf- og segulsviðs en þó aðeins við íbúðar og sumarhúsabyggð. Ekki verður metin áhrif á hljóðvist á friðuðum svæðum sem verða fyrir áhrifum samkvæmt Matsáætlun.

Þetta er miður þar sem ein tegund hljóðvistar eða það sem kallast „soundscape“ sem byggist á náttúrulegum hljóðum er afar mikilvægt heilsu þmt geðrækt. Eins og þegar hefur komið fram í þessarri umsögn, er sókn í að njóta kyrrðar þessa verndaða svæðis bæði við göngu og veiði og verður að telja líklegt að fyrirhuguð línulögn muni spilla því.

Að auki þarf að meta önnur heilsutengd áhrif svo sem mögulega mengun vatnsbóla.

Verðmæti lands

Ljóst er að Hallarmúlaleið mun verulega skerða verndað og óspillt land á jörð undirritaðra. Lína verður lögð þar sem engin lína né línuvegir eru fyrir. Virðisskerðingin er varanleg þar sem ekki er hægt að snúa óspilltu fjallendi í fyrra horf.

Hallarmúlaleið mun raska jarðmyndunum, ásýnd, landslagi og hljóðvist. Skertir verða möguleikar á að sumarhúsaeygndur sem og aðrir njóti kyrrðar og útsýnis. Áhrif eru einnig möguleg á vatnsauðlindir, vatnalíf, fugla og gróðurþekju.

Áskilnaður

Undirritaðir landeigendur áskilja sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilja undirritaðir landeigendur sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst,

Davíð Aðalsteinsson, Kt. 131246-4989

Guðrún Jónsdóttir, Kt. 220846-4909

Vegna: Máls nr. 0619/2023, Holtavörðuheildarlína 1, Hallarmúlaleið - Nýr valkostur (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Umhverfis- skipulags- náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd fjallaði um málið á 24. fundi sínum þann 20. september 2023. Eftirfarandi bókun var gerð: Holtavörðuheildarlína 1 - Umsögn um matsáætlun, mál nr. 2205036. Erindi dags. 18.09.2023 frá Skipulagsstofnun. Holtavörðuheildarlína 1, Hallarmúlaleið - Nýr valkostur, nr. 0619/2023: Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum). Erindið barst gegnum Skipulagsgátt þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins vegna greinagerðar Landsnets um nýjan valkost við Holtavörðuheildarlínu 1 sem stofnunin taldi ástæðu að kynna fyrir almenningi og lögbundnum umsagnaraðilum og gefa þeim kost á að senda inn umsögn um þessa nýju línuleið. Fyrir liggur nú þegar umsögn frá Hvalfjarðarsveit um Holtavörðuheildarlínu 1 en ef sveitarfélagið metur það svo að ástæða sé til að skila inn umsögn um þennan nýja valkost þá er þess óskað að hún berist í Skipulagsgáttina fyrir 18. október nk. Bókun: Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við nýjan valkost við Holtavörðuheildarlínu 1, svokallaða Hallarmúlaleið. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar. Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar fjallaði um málið og afgreiðslu nefndarinnar á 383. fundi sínum þann 27. september 2023. Eftirfarandi bókun var gerð, mál nr. 2.6: Mál nr. 2205036. Holtavörðuheildarlína 1 - Umsögn um matsáætlun. Umhverfis- skipulags- náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd - 24. fundur. Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við nýjan valkost við Holtavörðuheildarlínu 1, svokallaða Hallarmúlaleið. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar. Bókun fundar: Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: "Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir og staðfestir bókun nefndarinnar að gera ekki athugasemd við nýjan valkost við Holtavörðuheildarlínu 1, svokallaða Hallarmúlaleið." Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Höfundur: Jökull Helgason/skipulag@hvalfjarðarsveit.is

Sent inn þann: 11.10.2023

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Arnbjargarlæk 15 október 2023

Efni:

Holtavörðuheiðarlína 1: Nýr valkostur til umhverfismats - Athugasemdir vegna matsáætlunar, Landsnets hf. dags. 23. ágúst 2023, auglýst til umsagnar 18.09.2023.

Almennt um málið

Undirritaðir landeigendur, Davíð Aðalsteinsson og Guðrún Jónsdóttir vísa til fyrirhugaðs umhverfismats Landsnets hf. vegna framkvæmda við svokallaða Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tengja á Klafastaði í Hvalfirði við nýtt tengivirki á Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er 220 kV háspennulína og umfangsmikið mannvirki sem liggur að miklu leyti um Borgarbyggð. Fyrir liggur matsáætlun Landsnets hf. dags. 28. apríl 2022 sem og álit Skipulagsstofnunar á matsáætluninni dags. 21. júlí 2022. Þá liggur fyrir frekari matsáætlun Landsnets hf. vegna nýs „valkosta“ við Holtavörðuheiðarlínu 1 sem Landsnet hefur kallað Hallarmúlaleið sem dagsett er 23. ágúst 2023. Var sú matsáætlun auglýst til athugasemda af hálfu Skipulagsstofnunar með auglýsingu dags. 18. september 2023.

Undirritaðir landeigendur eiga jörðina Arnbjargarlæk í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Jörð undirritaðra landeigenda er ekki á línuleið eldri byggðalínu heldur á Hallarmúlaleið.

Undirritaðir landeigendur vísa til bréfa til Landsnets hf. og Skipulagsstofnunar dags. 7. júní 2023. **Svo sem fram kemur í nefndu bréfi dags. 7. júní 2023 til Landsnets hf. þá leggjast undirritaðir landeigendur alfarið gegn lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 um Hallarmúlaleið.**

Þá vísa undirritaðir landeigendur til margháttaðra athugasemda landeigenda á Hallarmúlaleið sem settar voru fram í bréfi til Borgarbyggðar og í athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets hf. fyrir tímabilið 2023-2032, hvor tveggja dags. 15. júní 2023.

Hallarmúlaleið og framkvæmdir þar

Hallarmúlaleið er verulegt frávik frá línuleið eldri byggðalínu, svo sem Skipulagsstofnun hefur í reynd viðurkennt með ákvörðun sinni um að Landsneti hf. sé skylt að gera sérstaka matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Leið hinnar nýju línu liggur yfir Grímsá, í gegnum Þingnesland, yfir og upp með Hvítá í átt að grunnskólanum á Varmalandi og þaðan upp með Hallarmúla og síðan eftir Grjóthálsi áleiðis í átt að Holtavörðuheiði. Hallarmúlaleið er nýframkvæmd á því svæði sem hún fer um, enda færi línan að mestu leyti um lítt- eða óraskað land í byggð ef sá valkostur yrði fyrir valinu. Línuna, ef af yrði, mætti sjá víðsvegar að um Borgarfjörð. Fáir eða engir vegir liggja að stærsta hluta mögulegs línustæðis Hallarmúlaleiðar.

Sérstaklega skal haldið til haga að línustæði Hallarmúlaleiðar krefst þess að Grímsá og Hvítá verði þveraðar á nýjum og óröskuðum stað og það nærri ármótum og ósasvæði þeirra. Þá er Hallarmúlaleið miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruinjasrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu.

Hallarmúlaleið er ennfremur eingöngu í um 1 km fjarlægð frá grunnskólanum á Varmalandi þar sem börn úr vestanverðum uppsveitum Borgarfjarðar verja stórum hluta dagsins alla virka daga. Þrátt fyrir að heilsufarsleg áhrif háspennulína séu umdeild, þá verður að meta vafa um slíkt grunnskólabörnum í hag og velja þá línukosti sem fjær eru leik- og grunnskólum.

Almennt um matsáætlun Landsnets hf.

Um matsáætlun Landsnets hf. gildir 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá gilda einnig um matsáætlanir ákvæði 11-13. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Undirritaðir landeigendur gera athugasemd vegna staðhæfingar á bls. 7 í matsáætlun þar sem fram kemur að Landsnet hf. hafi leitað „til Skipulagsstofnunar um leiðbeiningu varðandi rétta málsmeðferð á valkostinum Hallarmúlaleið“. Þessi framsetning atburða er röng og villandi.

Hið rétta er að á fundi landeigenda á Hallarmúlaleið með Landsneti hf. þann 16. maí 2023 var Landsneti hf. gert skýrt og ljóst að landeigendur á Hallarmúlaleið væru mótfallnir lagningu háspennulínu um þá línuleið og að engin matsáætlun lægi fyrir um þann valkost.

Í kjölfar þessa fundar sendi Landsnet hf. tölvupóst til Skipulagsstofnunar dags. 9. júní 2023. Í þeim pósti staðhæfði starfsmaður Landsnets hf. að Landsnet hf. hefði „áður upplýst Skipulagsstofnun um að umræddur nýr valkostur [þ.e. Hallarmúlaleið] væri í skoðun“. Þessi fullyrðing var röng enda var Hallarmúlaleiðar hvergi getið í fyrri matsáætlun Landsnets hf. eða álit Skipulagsstofnunar. Þvert á móti hafði Landsnet hf. þá ítrekað slegið Hallarmúlaleið út af borðinu. Í tölvupósti Landsnets hf. var ekki óskað eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar heldur var þess einungis óskað að Skipulagsstofnun staðfesti þá fyrirætlun Landsnets hf. að gera „grein fyrir [Hallarmúlaleið] í umhverfismatskýrslu sem fráviki frá matsáætlun“.

Tölvupósti Landsnets hf. var svarað af hálfu Skipulagsstofnunar með tölvupósti dags. 12. júní 2023 en þá hafði Skipulagsstofnun einnig borist erindi landeigenda á Hallarmúlaleið dags. 7. júní 2023 þar sem krafist var viðbragða Skipulagsstofnunar við fyrirætlunum Landsnets hf. um umhverfismat Hallarmúlaleiðar án undanfarandi matsáætlunar. Í tölvupósti Skipulagsstofnunar til Landsnets hf. kom fram að Skipulagsstofnun teldi að Landsnet hf. hefði þegar afskrifað línuleið suður eftir Grjóthálsi. Varðandi þá röngu staðhæfingu Landsnets hf. að Skipulagsstofnun hefði áður verið upplýst um skoðun Landsnets hf. á Hallarmúlaleið sem valkosti, þá sagði í tölvupóstinum einfaldlega að „stofnuninni [væri] ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi borist“.

Landsnet hf. svaraði tölvupósti Skipulagsstofnunar með svari dags. 14. júní 2023 og óskaði eftir fundi með Skipulagsstofnun án þess að hrekja í nokkru afstöðu Skipulagsstofnunar til fyrri samskipta aðila.

Þann 5. júlí 2023 tilkynnti Skipulagsstofnun þá afstöðu sína að Landsnet hf. þyrfti að vinna „stutta greinargerð um hinn nýja valkost, eins konar viðbót við matsáætlun [...] og í kjölfarið [myndi] Skipulagsstofnun veita umsögn sem verður þá viðbót við fyrirbyggjandi álit“.

Undirritaðum landeiganda er ekki kunnugt um þann lagagrundvöll sem liggur að baki ákvörðun Skipulagsstofnunar um að óska eftir „stuttri greinargerð“ og veita síðan „umsögn“ um hana. Hið rétta hlýtur að vera að fara verður með matsáætlun um Hallarmúlaleið sem nýja sérstaka matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar sem nýtt og sérstakt álit um þá matsáætlun þar sem hvergi er gefinn afsláttur af kröfum laga nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1381/2021. Engar forsendur eru til þess að gera minni kröfur til umhverfismats á jörð undirritaðs landeiganda en jörðum á línuleið eldri byggðalínu.

Landeigendum á Hallarmúlaleið haldið utan valkostagreiningar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2023 um gerð matsáætlunar fyrir Hallarmúlaleið byggði m.a. á því að Skipulagsstofnun teldi að Hallarmúlaleið væri „nýr valkostur sem liggur á allt öðrum stað en þeir valkostir sem til umfjöllunar voru í matsáætlunarferlinu“. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem undirritaður landeigandi tekur undir, gengur í berhögg við afstöðu Landsnets hf. sem kom fram á fundi með landeigendum á Hallarmúlaleið þann 16. maí 2023. Þar kom fram sú afstaða fulltrúa Landsnets hf. að almenn auglýsing eldri matsáætlunar hefði firrt Landsnet hf. allri ábyrgð á að vinna nýja matsáætlun vegna Hallarmúlaleiðar. Sú afstaða var augljóslega röng eins og birtist glögglega með gerð hinnar nýju matsáætlunar dags. 23. ágúst 2023.

Undirritaðir landeigendur telja að sami ágalli sé á valkostagreiningu Landsnets hf. og valkostaskýrslu dags. 2. desember 2021. Með öðrum orðum þá hafi ekkert tilefni verið fyrir landeigendur á Hallarmúlaleið, eftir því sem þeir þá best vissu, að koma að valkostagreiningu sem unnin var árið 2021.

Upplegg Landsnets hf. varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1 var að línuleið eldri byggðalínu skyldi fylgt. Slíkt væri enda í samræmi við stefnu stjórnvalda, sbr. bæði þingsályktun 11/144 og þingsályktun 26/148 sem Landsnet hf. vísar til á bls. 5 í fyrirbyggjandi matsáætlun. Af hálfu landeigenda í Borgarbyggð voru það enda fyrst og fremst landeigendur á línuleið eldri byggðalínu sem veitt var aðkoma að valkostagreiningu Landsnets hf.

Telja undirritaðir að fullt tilefni hafi verið fyrir Landsnet hf. til þess að boða landeigendur á Hallarmúlaleið til valkostagreiningar Landsnets hf. árið 2021 þegar Landsneti hf. var ljóst var að umræða hefði skapast um línuleið suður eftir Grjóthálsi og meðfram Hallarmúla. Í tilvitnuðum pósti Landsnets hf. dags. 14. júní 2023 til Skipulagsstofnunar kom enda fram af hálfu Landsnets hf. að „*einn af þeim valkostum sem settur var fram [í valkostagreiningu] var leið sem fór um Grjótháls til suðurs. Var þessari leið hafnað í valkostagreiningu, m.a. á þeim grundvelli að línuleiðin færi um erfitt landslag. Valkostaskýrsla var gefin út sem fjallaði um niðurstöður valkostagreiningarinnar og kom þar fram hvaða valkostir yrðu settir í umhverfismat*“. Þrátt fyrir að Landsneti hf. sé tíðrætt um samráð, þá hefur Landsnet hf. engin svör gefið um það hvers vegna landeigendum á Hallarmúlaleið var ekki gefinn kostur á þátttöku í valkostagreiningu.

Landeigendur á Hallarmúlaleið hafa nú þegar t.d. í athugasemdum við kerfisáætlun 2023-2032 rökstutt með ítarlegum hætti skyldu Landsnets hf. til að skoða línuvalkosti yfir hálendið til samanburðar við línuleið um láglandi í Borgarbyggð.

Eigi nú að meta Hallarmúlaleið sem valkost við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1, þá verður einnig að liggja fyrir ný valkostaskýrsla og valkostagreining þar sem landeigendur á Hallarmúlaleið hafi jafna aðkomu á við aðra landeigendur. Allt umhverfismatsferli og eftirfarandi skipulags- og eignarnámsferli, ef að verður, verður haldið verulegum ágalla verði ekki ráðist í nýja valkostagreiningu.

Áskilnaður

Undirritaðir landeigendur áskilja sér sem fyrr allan bótarétt á hendur Landsneti hf., Borgarbyggð og íslenska ríkinu vegna mögulegs eignarnáms ef að yrði, breytinga á skipulagi og/eða framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Þá áskilja undirritaðir landeigendur sér allan rétt til þess að koma að öðrum og frekari sjónarmiðum síðar í umhverfismatsferli Holtavörðuheiðarlínu 1 og á öðrum vettvangi.

Virðingarfyllst,

Davíð Aðalsteinsson, Kt. 131246-4989

Guðrún Jónsdóttir, Kt. 220846-4909

**Jarðfræðileg úttekt vegna
Holtavörðuheiðarlínu 1
Hallarmúlaleið**

9.10.2023

Maren Davíðsdóttir

M.Sc

Inngangur og útdráttur

Í matsáætlun Landsnets vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við Holtavörðuheiðarlínu 1 er fjallað um nýjan valkost til umhverfismats, Hallarmúlaleið. Í kafla 7.1 í matsáætlun er fjallað um jarðmyndanir og segir þar orðrétt:

„Valkostir Holtavörðuheiðarlínu 1 sem kynntir voru í matsáætlun framkvæmdarinnar liggja að öllu leyti í gegnum svokallaðan tertíerstafla Íslands. Tertíer er jarðsögulegt tímabil sem nær frá 65 milljónum ára að 2,6 milljónum ára. Fyrirhuguð línuleið er því utan við virka gosbelti landsins. Eldhraun sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Engin slík hraun eru á línuleið Hallarmúlaleiðar eða aðrar jarðmyndanir sem taldar eru upp í framangreindri grein laganna“.

Í meðfylgjandi jarðfræðiúttekt á Hallarmúlasvæðinu eru ofangreindar upplýsingar leiðréttar og dregin upp mynd af jarðfræðilegri virkni svæðisins.

Helstu niðurstöður úttektarinnar eru eftirfarandi:

1. Jarðlög í Hallarmúla og öllum hálsinum milli Þverarlíðar og Norðurárdals eru mikið sprungin þar sem áberandi siggengi eru eftir þverum og endilöngum hálsinum.
2. Upptök jarðskjálfta árið 1974 raða sér í kringum siggengi á hálsinum milli Þverárhliðar og Norðurárdals.
3. Siggengi á hálsinum milli Þverárhliðar og Norðurárdals eru talin vera hluti af austasta eldstöðvakerfinu Ljósufjallakerfinu og því nær eldstöðvakerfið inn í Þverárhliðina.

Með hliðsjón af ofansögðu er umrædd Hallarmúlaleið því innan Ljósufjallaeldstöðvakerfisins. Ljósufjallakerfið hefur verið virkt á nútíma þar sem bæði gosið í eldstöðvakerfinu (Grábrók) og jarðskjálftavirkni verið töluverð (Jarðskjálftarnir í Borgarfirði 1974).

Jarðfræðivá á Hallarmúlasvæðinu:

A) Jarðskjálftar:

B) Eldvirkni:


A) Jarðskjálftar: Jarðskjálftasprungur – upphleðsla jarðlaga í Hallarmúla – upptök Borgarfjarðarskjálftana.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að í Borgarfirði er að finna berg, sem til forna, brúaði bilið milli Snæfellsnesrekbeltisins og Langjökulsrekbeltisins. Slíkt skjálftabelti er að finna í dag á Suðurlandi milli vestra og eystra rekbeltisins (Khodyar og Einarsson 2004).


Borgfirska bergið var á þessum tíma mikið átakasvæði þar sem brast á með miklum jarðskjálftum og brotnaði bergið gríðarlega mikið upp með tilheyrandi sprungumyndunum. Kortlagning á þessum sprungum sýna að þær hafa margar hverjar opnað leiðir fyrir innskot kviku og ráða miklu um hringrás jarðhita á svæðinu. Í dag eru þessar sprungur vel sýnilegar þar sem jöklar hafa sorfið 1.500 m ofan af upprunalegu yfirborði (Khodyar og Einarsson 2002) (Khodyar og Einarsson 2004).

Kortlagning á jarðskjálftasprungum í Borgarfirði hefur leitt í ljós útbreiðslu og hreyfingar á þessum ofangreindu sprungum. Rannsóknir á Hallarmúla eldstöðinni og hálsinum í framhaldi af henni sýna umfangsmikil siggengi. Þessi siggengi liggja þvert yfir Hallarmúla og eftir honum endilöngum eins og sjá má á mynd 1, mynd 2 og mynd 3 (Khodyar og Einarsson 2004).


Á þessum þremur myndum sést að jarðlagastafllinn í Hallarmúla er mikið sprunginn og jarðlög uppbrotinn eftir hreyfingar jarðskorpunnar (Hjartardóttir 2023).



Mynd 1: Þrívíddarhæðarlíkan af Hallarmúla og nágrenni séð frá Lindarhvoli í Þverárhlið (Hjartardóttir 2023).




Mynd 2: Útbreiðsla jarðskjálftasprungna í Hallarmúla (Khodayar og Einarsson 2004).



Mynd 3: Útbreiðsla jarðskjálftasprungna í Hallarmúla (Khodayar og Einarsson 2004).


Jarðskjálftar í Borgarfirði eru nokkuð algengir þar sem svæðið er áberandi sprungið og misgengið, til dæmis Grjóthálsinn milli Norðurárdals og Þverárhlíðar (Einarsson. P. 2021.) Jarðskjálftarnir í Borgarfirði 1974 áttu upptök sín í Þverárhlíð þar sem m.a. urðu hreyfingar á siggengjum, sjá mynd 4.



Mynd 4: Upptök jarðskjálfta í Borgarfirði 28. júní til 15. júlí 1974 (Einarsson 2021).

B) Eldvirkni: Eldvirkni á hliðargosbelti sem liggur inn í Borgarfjörð.

Rekbelti lá um Snæfellsnes frá um 15 millj. ára til 7-6 millj. ára þ.e. frá því að NV-Íslandsrekbeltið kulnaði út (Harðarson 1997) og þar til eldvirkni tók sig upp austar sem síðar leiddi til myndunar Reykjanes-Langjökulsrekbeltisins (mynd 5). Lega rekbeltisins er lá um Snæfellsnes er afmörkuð af Snæfellnessamhverfunni og hefur verið aldursgreint berg í ási hennar og hljóðaði aldursgreiningin upp á $6,7 \pm 0,4$ milljón ára (Aronson & Sæmundsson 1975).




Mynd 5: Lega Snæfellsnesrekbeltisins (Harðarson 1993).

Rekbeltið lá um Snæfellsnes og þar sem nú er Hvalmsfjörður og var hlykkur á því til austurs um þverbrotabelti með skástíguum víxlengjum en síðan lá það norður Skaga austan Húnaflóa. Í þessu rekbelti mynduðust jarðlög sem finnast á Vestfjörðum, Döllum, Austurlandi, Norðurlandi og á Mýrum.

Eftir að rekbeltið kulnaði út fyrir 6-7 millj. ára tók við kafli í jarðfræðinni þar sem roföflin höfðu yfirhöndina. Landmótun jökla og áa var gífurleg. Alls rofnaði um 500-1.500 m af staflanum. Frá 3-4 millj. ára varð svo aukin innskotavirkni þar sem innskot tróðust inn í tertíera jarðlagastaflann. Á þessum rofaflátíma settust til setlög ofan á snaraðan tertíera jarðlagastaflann. Þessi setlög hafa mörg að geyma steingervinga sem nota má til að lesa loftslagssögu á myndunartíma þeirra (Jóhannesson 1982).

Fyrir um 2 millj. ára, á fyrri hluta ísaldar, tók eldvirkni sig upp á ný á Snæfellsnesi. Fyrst var hún bundin við tiltölulega afmarkað svæði á háfjallgarðinum milli Grundafjarðar og Staðarsveitar. Þá breiddist hún út bæði til austurs og vesturs eftir belti sem nær frá Snæfellsjökli að Norðurárdal í Borgarfirði. Í þessu eldvirka belti mynduðust þrjú eldstöðvakerfi, Snæfellsjökull vestast, Lysuskarð og svo Ljósufjöll austast og eru kerfin kennd við megineldstöðvar sínar (mynd 6) (Jóhannesson 1982).



Mynd 6: Eldstöðvakerfi Snæfellsness (Harðarson 1993).

Þessi eldstöðvakerfi afmarkast af eldfjöllum, gosstöðvum og bergsprungum. Eldvirknin er ekki eins mikil og á flekaskilum landsins en myndar þetta gosbelti eins konar fleyg inn í N-Ameríkuflekann.

Austasta eldstöðvakerfið, Ljósufjallakerfið, nær alla leið austur í Þverárhlið. Grábrók er austasta eldvarpið í Ljósufjallakerfinu og misgengi frá því nær inn í Þverárhliðina. Upptök jarðskjálftana í Borgarfirði 1974 urðu við austasta misgengi Ljósufjallakerfisins og er því ekki ósennilegt að skjálftarnir tengist virkni gosbeltisins á Snæfellsnesi (Einarsson 2021.)

Niðurstöður og samantekt

Ofangreind jarðfræðigögn sýna glögg jarðfræðilegar aðstæður valkosta til umhverfismats, Hallarmúlaleið, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við Holtavörðuheiðarlínu 1.

Helstu niðurstöður eru þessar:

- 1. Jarðlög í Hallarmúla og öllum hálsinum milli Þverárlíðar og Norðurárdals eru mikið sprungin þar sem áberandi siggengi eru eftir þverum og endilöngum hálsinum.**
- 2. Upptök jarðskjálfta árið 1974 raða sér í kringum siggengi á hálsinum milli Þverárlíðar og Norðurárdals.**
- 3. Siggengi á hálsinum milli Þverárlíðar og Norðurárdals eru talin vera hluti af austasta eldstöðvakerfinu Ljósufjallakerfinu og því nær eldstöðvakerfið inn í Þverárlíðina.**

Af ofansögðu leiðir að umrædd Hallarmúlaleið er innan Ljósufjallaeldstöðvakerfisins. Ljósufjallakerfið hefur verið virkt á nútíma þar sem bæði gosið í eldstöðvakerfinu (Grábrók) og jarðskjálftavirkni verið töluverð (Jarðskjálftarnir í Borgarfirði 1974).

Virðingarfyllt,

Maren Davíðsdóttir

Jarðfræðingur

Heimildir:

1. Aronson, J.L. & Sæmundsson, K. 1975: Relatively old basalt from structurally high areas in central Iceland. *Earth and Planetary Science Letters* 28, 83-97.
2. Einarsson, P. 2021. Jarðskjálftarnir í Borgarfirði 1974. Borgfirðingabók.
3. Harðarson, B.S., 1993: Alcalic Rocks in Iceland with Special reference to the Snæfellsjökull Volcanic System. Óútgefin D.r.ritgerð, Háskólinn í Edinborg.
4. Harðarson, B., Fitton, J.G., Ellam, R.M. & Pringle, M.S. 1997: Rift relocation- a geochemical and geochronological investigation of paleo-rift in northwest Iceland. *Earth and Planetary Science Letters* 153, 181-196.
5. Hjartardóttir, Á. 2023. IslandsDEM hæðarlíkan, ásamt vegum og vatnafarspekjum frá IS50 grunni Landmælinga Íslands.
6. Jóhannesson, H., 1982: Yfirlit um jarðfræði Snæfellsnes. *Árbók F.Í.*, 151-174.
7. Khodayar, M., Einarsson, P., 2004. Reverse-slip structures at oceanic diverging plate boundaries and their kinematic origin: data from Tertiary crust of west and south Iceland. *Journal of Structural Geology* 26.
8. Khodayar, M., Einarsson, P., 2002. Strike-slip faulting, normal faulting and lateral dyke injections along a single fault: field example of the Glju'fura' fault near a Tertiary oblique rift/transform zone, Borgarfjörður, W-Iceland. *Journal of Geophysical Research*, 107 (B5).